



**FRAMSÓKNARFLOKKURINN**

# **Flokksþing framsóknarmanna**

**Ályktanir 30. flokksþings framsóknarmanna**

**16.-18. janúar 2009**

# Efnisyfirlit

---

|  |    |
|--|----|
| ÁLYKTUN UM AÐILDARVIÐRÆÐUR VIÐ EVRÓPUSAMBANDIÐ     | 4  |
| ÁLYKTUN UM STJÓRNLAGAÐING                          | 4  |
| ÁLYKTUN UM STJÓRNARRÁÐIÐ                           | 5  |
| ÁLYKTUN UM AÐSKILNAÐ LÖGGJAFAR- OG FRAMKVÆMDAVALDS | 6  |
| ÁLYKTUN UM NÝJA KOSNINGALÖGGJÖF                    | 6  |
| ÁLYKTUN UM ÞJÓÐLENDUR                              | 6  |
| ÁLYKTUN UM TRÚMÁL                                  | 7  |
| ÁLYKTUN UM ÍSLENSKT RÉTTARKERFI                    | 7  |
| ÁLYKTUN UM LÖGREGLUMÁL                             | 8  |
| ÁLYKTUN UM FANGELSISMÁL                            | 8  |
| ÁLYKTUN UM MÁLEFNI INNFLYTJENDA OG FLÓTTAFÓLKS     | 9  |
| ÁLYKTUN UM UTANRÍKISMÁL                            | 10 |
| ÁLYKTUN UM ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL                   | 10 |
| ÁLYKTUN UM ÞRÓUNARMÁL                              | 11 |
| ÁLYKTUN UM FRIDARGÆSLU                             | 11 |
| ÁLYKTUN UM SAMVINNUFÉLÖG                           | 13 |
| ÁLYKTUN UM NÁTTÚRUAUÐLINDIR ÍSLANDS                | 13 |
| ÁLYKTUN UM MENNTAKERFIÐ                            | 14 |
| ÁLYKTUN UM LEIKSKÓLASTIGIÐ                         | 14 |
| ÁLYKTUN UM GRUNNSKÓLASTIGIÐ                        | 15 |
| ÁLYKTUN UM FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ                    | 16 |
| ÁLYKTUN UM HÁSKÓLASTIGIÐ                           | 16 |
| ÁLYKTUN UM LÁNASJÓÐ ÍSLENSKRA NÁMSMANNA            | 17 |
| ÁLYKTUN UM SÍ- OG ENDURMENNTUN                     | 17 |
| ÁLYKTUN UM MENNINGARMÁL                            | 18 |
| ÁLYKTUN UM SAFNAMÁL                                | 19 |
| ÁLYKTUN UM ÍPRÓTTA-, TÓMSTUNDA- OG ÆSKULÝÐSMÁL     | 19 |
| ÁLYKTUN UM FJÖLMÍÐLA                               | 20 |
| ÁLYKTUN UM TUNGUMÁL                                | 20 |
| ÁLYKTUN UM VÍSINDI, RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN         | 21 |
| ÁLYKTUN UM IÐN- OG VERKNÁM                         | 22 |
| ÁLYKTUN UM LOFTSLAGSMÁL                            | 22 |
| ÁLYKTUN UM UMHVERFI HAFSINS                        | 23 |
| ÁLYKTUN UM NÁTTÚRUVERNÐ                            | 23 |
| ÁLYKTUN UM REFA- OG MINKAVEIÐI                     | 24 |
| ÁLYKTUN UM LANDSSKIPULAG                           | 25 |
| ÁLYKTUN UM ENDURNÝTINGU OG ENDURVINNSLU            | 25 |

|  |           |
|--|-----------|
| <b>ÁLYKTUN UM BYGGÐAMÁL</b>                            | <b>26</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM LANDBÚNAÐARMÁL OG MATVÆLAÖRYGGI</b>      | <b>26</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM SJÁVARÚTVEG</b>                          | <b>27</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM SKATTAMÁL EINSTAKLINGA</b>               | <b>28</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM SVEITARSTJÓRNARMÁL</b>                   | <b>28</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM HÖFUÐBORGINA</b>                         | <b>29</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM SAMGÖNGUMÁL</b>                          | <b>30</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM FJARSKIPTAMÁL</b>                        | <b>30</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM IÐNAÐARMÁL</b>                           | <b>31</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM ORKUMÁL</b>                              | <b>31</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM FERÐAÞJÓNUSTU</b>                        | <b>32</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM UPPLÝSINGATÆKNI</b>                      | <b>32</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM EFNAHAGSMÁL</b>                          | <b>33</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM SAMKEPPNIS- OG NEYTENDAMÁL</b>           | <b>34</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM VIÐSKIPTAUMHVERFI</b>                    | <b>34</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM MÁLEFNI BARNA OG UNGLINGA</b>            | <b>35</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM BARNAVERNDARMÁL</b>                      | <b>36</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM ALMANNA- OG SJÚKRATRYGGINGAMÁL</b>       | <b>36</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM LÍFEYRI, BÆTUR OG LÁGMARKSFRAMFÆRSLU</b> | <b>37</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM MÁLEFNI ALDRAÐRA</b>                     | <b>38</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM GÆÐHEILBRIGÐI</b>                        | <b>39</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS</b>                | <b>39</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM JAFNRÉTTISMÁL</b>                        | <b>40</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM FORVARNIR</b>                            | <b>41</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM HÚSNÆÐISMÁL</b>                          | <b>42</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM HEILBRIGÐISSTOFNANIR</b>                 | <b>43</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM LÝÐHEILSU</b>                            | <b>43</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM SIÐAREGLUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS</b>       | <b>44</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM OPINBERAR STÖÐUVEITINGAR</b>             | <b>44</b> |
| <b>ÁLYKTUN UM STJÓRNMÁLA- OG EFNAHAGSÁSTANDIÐ</b>      | <b>45</b> |

## Ályktun um aðildarviðræður við Evrópusambandið

### **Markmið**

Að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á grundvelli samningsumboðs frá Alþingi sem tryggi hagsmuni almennings og atvinnulífs og þá sérstaklega sjávarútvegs og landbúnaðar. Þá er fullveldi og óskorað forræði Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar grundvallarkrafa í þeim viðræðum. Viðræðuferlið á að vera opið og lýðræðislegt og leiði viðræðurnar til samnings skal íslenska þjóðin taka afstöðu til aðildarsamnings í þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar upplýstrar umræðu.

### **Skilyrði**

- Skýr og einhliða úrsagnarréttur, sem er þegar viðurkenndur í aðalsáttmála ESB, verði hluti aðildarsamnings.
- Staðfest verði að Íslendingar einir hafa veiðirétt innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og að fiskveiðistjórnun verði áfram innanríkismál Íslendinga, enda styðjist hún við reglur ESB um stöðug hlutföll, nálægðarreglu og Lúxemborgarsamkomulagið. Ísland verði sjálfstæður aðili að samningum um flökkustofna.
- Fæðuöryggi þjóðarinnar verði tryggt og viðurkennd nauðsyn á sérstökum ákvæðum vegna fámennis þjóðarinnar.
- Viðurkennt verði að íslenskur landbúnaður sé heimskautilandbúnaður.
- Framleiðsla og úrvinnsla íslenskra búfjárstofna verði tryggt ásamt sérstöðu og hreinleika íslenskra búfjárstofna.
- Staðfest verði að vegna aðstæðna á Íslandi og fámennis þjóðarinnar hafi Íslendingar varanlegan rétt til að setja lög um forgangsrétt manna með lögheimili og fasta búsetu á Íslandi til að eiga ráðandi hlut í jarðeignum, lóðum, fasteignum og atvinnufyrirtækjum, enda styðjast slík ákvæði við núgildandi reglur á Álandseyjum, Möltu, Azoreyjum og víðar innan ESB.
- Í upphafi viðræðna verði gerður stöðugleikasamningur við Evrópska seðlabankann sem tryggi stöðugt gengi íslensku krónunnar þar til Íslendingar taka upp evru.
- Tekið verði tillit til stöðu íslensks efnahagslífs við umbreytingu peninga- og gjaldeyrismála á Íslandi.
- Ákvæði verði um varðstöðu um íslenska þjóðmenningu, þjóðtungu og þjóðhætti á Íslandi. Íslenska verði viðurkennt sem eitt hinna opinberu tungumála ESB.

### **Fyrstu skref**

Þessi helstu samningsmarkmið, sem og önnur sem skilgreind verða í samvinnu hagsmunaaðila og stjórnvalda, með sem víðtækastri samstöðu, verði lögð til grundvallar því umboði sem samninganefnd Íslendinga fari með í samningaviðræður við Evrópusambandið.

## Ályktun um stjórnlagabætur

### **Markmið**

Að stjórnskipun Íslands verði endurskoðuð á sérstöku stjórnlagabætur þar sem stjórnarskrá Íslands og eftir ástæðum viðeigandi lög um stjórnsýslu, dómstóla, löggjafarstarf og kosningar verði

endurskoðuð til samræmis við framsæknar hugmyndir um stjórnskipun landsins um gagnsæi, lýðræðislega þátttöku og jafnvægi milli valþátta.

### **Leiðir**

Helstu álitamál sem taka þarf afstöðu til á stjórnlagabingi eru meðal annars:

- Hvort afnema eigi þingræði og taka upp beina kosningu æðsta handhafa framkvæmdarvalds
- Hvernig eftirliti með valdháttum eigi að vera háttað, eftirlitshlutverk Alþingis, virkari ráðherraábyrgð og óháðara val dómara
- Hvort auka eigi valfrelsi kjósenda um fulltrúa á framboðslistum
- Hvort takmarka eigi hámarkssetutíma þingmanna og ráðherra
- Hvort auka eigi möguleika á þjóðaratkvæði og jafnvel frumkvæði að löggjöf frá almenningi
- Hvernig gagnsæi stjórnkerfisins sé tryggt
- Hvort þörf sé á sérstökum þjóðhöfðingja og þá hvert hlutverk hans eigi að vera
- Hver staða sveitarfélaganna eigi að vera, svo sem með hlutdeild í fjárstjórnarvaldi ríkisins
- Hvort og þá hvernig skipta eigi landinu í kjördæmi
- Hvernig staðið skuli að framsali valdheimilda til alþjóðlegra stofnana
- Hvernig tryggja eigi skýrt og ótvírætt sjálfstæði hinna þriggja meginþátta ríkisvaldsins löggjafarvalds, dómvalds og framkvæmdarvalds

### **Fyrstu skref**

Þingflokkur Framsóknarflokksins skal leggja fram tillögu á Alþingi um kosningu til stjórnlagabings í samræmi við niðurstöður íbúalýðræðisnefndar flokksins. Einnig verði lögð fram tillaga um breytingu á stjórnarskránni þess eðlis að breytingar á stjórnarskrá verði bornar undir þjóðaratkvæði. Stefnt skal að því að stjórnlagabing verði kallað saman sem fyrst og tillögur þess að nýrri stjórnarskrá verði lagðar fyrir þjóðina. Stjórnlagabing skal ekki vera skipað núverandi eða fyrrverandi alþingismönnum, ráðherrum eða formönnum stjórnmalahreyfinga.

## **Ályktun um Stjórnarráðið**

### **Markmið**

Framsóknarflokkurinn vill skýrari verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Verkaskipting ráðuneyta skal taka tillit til samfélags- og atvinnuhátta og áherslna ríkisstjórnar á hverjum tíma.

### **Leiðir**

- Að farið verði eftir tillögum nefndar Framsóknarflokksins um skipan Stjórnarráðsins sem lagðar voru fram til kynningar á 29. flokksþingi.
- Að leitast verði við að ráðuneyti í næstu ríkisstjórn sem Framsóknarflokkurinn á aðild að verði ekki fleiri en 10.
- Að flokksfélögum séu kynntar þær hugmyndir sem liggja að baki tillögum hópsins.

### ***Fyrstu skref***

Strax í næstu stjórnarmyndun Framsóknarflokksins verði lögð rík áhersla á nýtt fyrirkomulag og að hugsanlegum samstarfsflokkum eða -flokkum verði kynnt tillagan. Breytingar á Stjórnarráði Íslands verði teknar fyrir á stjórnlagabingi.

## **Ályktun um aðskilnað löggjafar- og framkvæmdavalds**

### ***Markmið***

Styrkja stöðu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdavaldinu.

### ***Leiðir***

- Styrkja faglega stöðu nefnda Alþingis og sérfræðiaðstoð við þingið.
- Staða þingflokka og þingmanna verði styrkt og tryggt að þeir geti leitað sér óháðrar sérfræðiaðstoðar.
- Gerist það að þingmaður sé valinn til að gegna embætti ráðherra segi hann jafnframt af sér þingmennsku.

### ***Fyrstu skref***

Stefnt skal að því að þessi breyting verði gerð þegar á næsta kjörtímabili og á stjórnlagabingi.

## **Ályktun um nýja kosningalöggjöf**

### ***Markmið***

Við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna verði leitað leiða til að persónukjör og vægi kjósenda aukist við röðun á lista. Jafnframt verði reynt að skapa meiri tengsl milli kjörinna fulltrúa og kjósenda. Leitast verði við að tryggja sem jafnast vægi atkvæða á landsvísu.

### ***Leiðir***

- Frambjóðendum hvers lista skal einungis raðað eftir stafrófsröð á kjörseðil.
- Kjósendur raði fulltrúum á lista og kjósi þannig viðkomandi lista.

### ***Fyrstu skref***

Framsóknarflokkurinn beiti sér fyrir því að Alþingi setji af stað vinnu við að breyta kosningalögunum sem hafi þessi markmið að leiðarljósi.

## **Ályktun um þjóðlendur**

### ***Markmið***

Að skapa sátt um eignarhald á landi.

### **Leiðir**

- Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn fresti frekari framgangi þjóðlendumála á Íslandi og taki lög um þjóðlendur til endurskoðunar.
- Við þá endurskoðun verði gætt jafnræðis gagnvart þeim svæðum sem nú þegar hefur verið úrskurðað um.
- Með frestun er átt við að ekki verði lýst kröfum í ný svæði.
- Fjármálaráðuneyti og kröfunefnd þess endurskoði kröfugerð sína þar sem mál standa yfir og leiti þar sem fyrst sátta við jarðeigendur.
- Þá leggja framsóknarmenn áherslu á að ríkisvaldið uni úrskurðum óbyggðanefndar enda nefndin skipuð af ríkisstjórn landsins.

### **Fyrstu skref**

Flokksþingið leggur áherslu á að forysta flokksins tryggi máli þessu framgang fyrir kosningar.

## **Ályktun um trúmál**

### **Markmið**

Þjóðin þekki rætur sínar, menningararf og þau siðrænu gildi sem hún hefur byggt samfélag sitt á um aldir. Þessi siðrænu gildi eru að miklu leyti sprottin úr kristnum jarðvegi enda hefur kristin kirkja haft mótandi áhrif á menningu þjóðarinnar undanfarin þúsund ár.

### **Leiðir**

- Áfram verði stutt við öflugt starf þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga.
- Staðinn verði vörður um trúfrelsi og fjölmenningu á Íslandi
- Stuðlað verði að samráði og samvinnu ólíkra trúarbragða.

## **Ályktun um íslenskt réttarkerfi**

### **Markmið**

Íslenskt réttarkerfi á að vera undirstaða íslensks þjóðfélags. Í lýðræðislegu þjóðfélagi er einfalt og skilvirkt réttarkerfi forsenda réttlætis. Ágreiningsmál, hvort sem er á stjórnslustigi eða fyrir dómstólum, þurfa að ganga hratt og örugglega fyrir sig.

### **Leiðir**

- Stefna skal að því að einfalda og samræma málsmeðferðarreglur úrskurðarnefnda á stjórnslustigi. Þá skal ríkið í öllum tilvikum greiða þeim sem brotið hefur verið gegn á stjórnslustigi og fer með mál sitt fyrir nefndirnar, þann kostnað sem viðkomandi hefur haft af rekstri málsins.
- Stefna skal að því að fjölga dómstigum úr tveimur í þrjú. Skulu umfangslítill og einföld mál byrja á neðsta dómstigi, með einum dómara. Þeim málum sem byrja á neðsta dómstigi verði einungis hægt að áfrýja upp á annað dómstig sem þá yrði að meginstefnu með þrjá dómara. Umfangsmikil og flókin mál skulu hefjast á öðru dómstigi og verði hægt að áfrýja þeim málum á þriðja stig með fimm manna dómi.
- Á öllum dómstigum verði til staðar skýr heimild dómara til að kalla fyrir vitni til að meta sönnunargildi framburðar þeirra.

- Dómstólar hafi heimild til að dæma ungmenni til meðferðarvistar í stað hefðbundinnar fangelsisvistar. Slíku úrræði verði komið á í því skyni að taka á málum við fyrsta afbrot. Meðferðin miði að því að byggja upp einstaklinginn og aðstoða hann á ný út í lífið.

### ***Fyrstu skref***

Unnið verði að því að koma á fót millidómstigi. Úrskurðaraðilar á stjórnáslustigi fái heimild til og verði skylt að úrskurða kæranda, sem vinnur kærúmál, málskostnað sem greiðist úr ríkissjóði. Þessar tillögur verði teknar fyrir á stjórnlagabæing.

## **Ályktun um lögreglumál**

### ***Markmið***

Lögreglunni séu sköpuð þau starfsskilyrði að hún geti sinnt þeim fjölmörgu verkefnum sem að henni snúa. Mikilvægt er að efla jákvæð samskipti lögreglu við almenning.

### ***Leiðir***

- Standa skal vörð um fjármagn og mannafla lögreglu og tryggja að aðbúnaður lögreglu sé alltaf eins og best verður á kosið.
- Lögð verði áhersla á aukna grenndargæslu og að löggæslan verði sýnileg.
- Lögreglunni verði skapað svigrúm til að taka aukinn þátt í forvarnastarfi þar sem það á við.

### ***Fyrstu skref***

Mikilvægt er að hefjast strax handa við að skapa lögreglunni betri starfsskilyrði um allt land. Stefnt skal markvisst að því að lögreglan sé hvarvetna sýnilegri

## **Ályktun um fangelsismál**

### ***Markmið***

Fangelsisvist skal ekki aðeins vera refsing heldur einnig betrunarvist. Markmiðið er að þeir sem afplána refsídóm snúi út í samfélagið á ný sem betri þjóðfélagsþegnar. Afplánun refsídóma hefjist sem fyrst að uppkveðnum dómi.

### ***Leiðir***

- Að byggt verði deildaskipt og nútímalegt fangelsi þar sem m.a. verði gæsluvarðhalds-, afeitrunar-, meðferðar-, sjúkra- og kvennadeild auk deildar fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn.
- Fangaverðir skulu vera vel menntaðir og tryggt að starfsfólk fangelsanna sé vel undirbúið fyrir störf sín.
- Sálfræðiþjónusta verði í boði fyrir starfsmenn fangelsanna.
- Stuðlað verði að því að erlendir ríkisborgarar afpláni íslenska refsídóma sína í heimalandinu þegar við á.

## **Fyrstu skref**

Hefja þarf vinnu við að bæta aðbúnað þeirra sem starfa í fangelsum. Komið verði á vinnuhópi með aðkomu starfsfólks sem vinni þarfagreiningu og hönnun nýs fangelsis.

## **Ályktun um málefni innflytjenda og flóttafólks**

### **Markmið**

Allir íbúar landsins, óháð uppruna, litarhætti eða trúarbrögðum, eiga að njóta jafnra tækifæra til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir. Innflytjendur eiga að geta aðlagast íslensku samfélagi og nýtt hæfileika sína til fullrar þátttöku í síbreytilegu samfélagi sem er í stöðugri þróun. Kunnátta í íslensku er lykillinn að samfélaginu, en áhersla á íslensku leiði ekki að óþörfu til skerðingar á réttindum. Leggja ber áherslu á það á næstu misserum í því efnahagsástandi sem ríkir að allir íbúar landsins njóti sömu réttinda og engum sé mismunað á grundvelli uppruna eða kynþáttar á Íslandi.

Íslendingar eiga að sýna ábyrgð í samfélagi þjóðanna og halda áfram að leggja sitt af mörkum við að bjarga flóttafólki frá hörmulegum aðstæðum í samræmi við alþjóðasáttmála. Við meðhöndlun málefna hælisleitenda ber ætíð að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og tryggja þarf rétt barna hælisleitenda til skólagöngu.

### **Leiðir**

- Innleiða þarf meginregluna um jafnrétti án tillits til uppruna og kynþáttar í íslensk lög samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/43/EB. Litið verði til Norðurlandanna sem fyrirmyndar að því hvernig standa skuli að innleiðingunni.
- Bæta þarf löggjöfina svo hún verði augljósari og skýri réttindi og skyldur borgaranna betur, sem og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og samræma við stefnumótun sem á sér stað á vettvangi sveitarfélaga.
- Auka þarf skilning íbúa á þeim þjóðfélagslegu breytingum sem eiga sér stað hér á landi með fræðslu.
- Áfram verði lögð mikil áhersla á íslenskukennslu fyrir innflytjendur auk þess sem aukið verði framboð á fræðsluefni fyrir innflytjendur um réttindi þeirra og skyldur og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu.
- Stuðlað verði að framboði á móðurmálskennslu á algengustu tungumálum innflytjenda.
- Tryggja þarf þjónustu við innflytjendur og flóttafólk um allt land. Sjálfstæðar stofnanir sjái um að veita þjónustu í öllum landshlutum, á borð við Fjölmenningarsetur, Alþjóðahús og Alþjóðahúss á Norðurlandi. Stofnanirnar verði reknaðar á grundvelli þjónustusamninga í samvinnu ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka og atvinnulífsins.
- Réttur innflytjenda og flóttafólks til túlkþjónustu verði skýrður og aukinn.
- Koma útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa á einn stað. Atvinnuleyfi verði gefið út til einstaklinga fremur en atvinnurekenda enda hafi viðkomandi tryggt sér atvinnu.
- Sérstök áhersla verði lögð á að fræða konur af erlendum uppruna um réttarstöðu sína, t.d. þegar skilnaður verður.
- Leitað verði leiða til að sporna við brottfalli nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskólum. Leggja ber sérstaka áherslu á aukinn stuðning við innflytjendur á aldrinum 12 til 18 ára.
- Áfram verði tekið á móti flóttamönnum með þeim hætti sem gert hefur verið.

### **Fyrstu skref**

Í framhaldi af samþykkt þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, þarf að sýna ríkisstjórninni öflugt aðhald og tryggja að áfram verði unnið að gagnkvæmri aðlögun innflytjenda og samfélagsins.

## **Ályktun um utanríkismál**

### **Markmið**

Meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu er að gæta hagsmuna lands og þjóðar og veita öflugt fyrirsvar gagnvart öðrum ríkjum. Nú sem fyrr standa auðlindir þjóðarinnar undir velferð hennar, hvort sem er á sviði náttúrulegra auðlinda eða þeirra auðlinda sem fólgnar eru í hugviti fólksins í landinu. Mikilvægt er að staðinn sé vörður um óskorað forræði yfir náttúrulegum auðlindum landsins og eftirliti með grannsvæðum. Fríverslun og aðgangur að mörkuðum er viðskiptaþjóð eins og Íslandi lífsnauðsyn. Því er það forgangsmál að Ísland njóti ávallt bestu kjara í viðskiptum við aðrar þjóðir.

### **Leiðir**

- Að tryggðir verði framtíðarhagsmunir þjóðarinnar í Evrópusamstarfi, bæði með samstarfi við Evrópusambandið innan EES og við hin EFTA-ríkin.
- Öryggis- og varnarmál landsins hvíli fyrst og fremst á eigin frumkvæði ásamt öflugum alþjóðlegu samstarfi, tvíhliða varnarsamningi við Bandaríkin, aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og auknu samstarfi við næstu grannríki.
- Aukin verði áhersla á starf innan Sameinuðu þjóðanna.
- Auðlinda- og loftslagsmál fái viðeigandi í vægi í utanríkisstefnu Íslands.
- Norrænt samstarf og grannsvæðasamstarf skipi sem fyrr mikilvægan sess í utanríkisstefnu landsins.
- Doha-viðræður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verði hafnar að nýju og leiði til niðurstöðu sem fyrst.
- Áfram verði haldið á þeirri braut að Ísland og/eða EFTA nái fríverslunarsamningum og öðrum hagkvæmum samningum við sem flest ríki.
- Utanríkisþjónustan verði áfram nýtt í þágu íslensks atvinnulífs.

### **Fyrstu skref**

Íslensk utanríkisstefna á að einkennast af metnaði og hafa hugsjónir mannréttinda, frelsis og lýðræðis að leiðarljósi. Í því ljósi ber að standa vörð um utanríkisþjónustuna, jafnframt því sem gætt verði ýtrustu ráðdeildar til þess að skattfé borgaranna megi nýtast sem best.

## **Ályktun um öryggis- og varnarmál**

### **Markmið**

Stefna Íslands í öryggis- og varnarmálum hefur löngum hvílt á tveimur meginstoðum – aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfi við Bandaríkin. Sameiginlegt gildismat ásamt hugsjónum lýðræðis og mannréttinda mynda þriðju stoð öryggis- og varnarmála. Smáríki eiga helst allra ríkja hag sinn undir því að alþjóðalög séu virt og þjóðir leysi sín deilumál friðsamlega. Eins eru það hagsmunir smárikja að stuðla að alþjóðlegri samvinnu til þess að mæta þeim ógnum sem virða hvorki landamæri né leikreglur alþjóðakerfisins.

### **Leiðir**

- Aukið samstarf við nágrannþjóðir við Norður-Atlantshaf er mikilvægt við eftirlit á friðartímum, m.a. vegna aukinna flutninga á norðurslóðum.
- Stöðugt verði fylgst með þeim ógnum sem hugsanlega steðja að þjóðinni frá öfgahópum og skipulagðri glæpastarfsemi.
- Varnir landsins séu tryggðar sem best og jafnframt sé stuðlað að sem víðtækastri sátt um fyrirkomulag þeirra.
- Ísland mun taka þátt í varnarsamstarfi við aðrar þjóðir á jafnréttisgrundvelli með hugsjónir mannréttinda og lýðræðis að leiðarljósi. Þannig verði öryggi eigin borgara, grannþjóða og annarra ríkja best tryggt.
- Koma skal á samráðsvettvangi stjórn málaflökkanna um öryggis- og varnarmál og skoðaðar leiðir til að stofna öryggis- og utanríkismálasetur.

### **Fyrstu skref**

Efla þátttöku Íslands á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og annarra stofnana sem fjalla um öryggis- og varnarmál. Ljúka viðræðum um aukið samstarf við grannþjóðir við norðanvert Atlantshaf.. Mikilvægt er að finna samráði íslenskra stjórn málaflökka um öryggis- og varnarmál farveg hið fyrsta.

## **Ályktun um þróunarmál**

### **Markmið**

Ábyrgri þjóð í samfélagi þjóðanna ber að taka þátt í þróunarsamvinnu og axla með því pólitískar og siðferðilegar skyldur sínar. Stefnt er að því að markmiði Sameinuðu þjóðanna um að 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu renni til þróunarsamvinnu verði náð eigi síðar en árið 2015.

### **Leiðir**

- Skerpa þarf áherslur og markmið þróunarsamvinnu. Mikilvægt er að marka Íslandi vettvang innan ákveðinna sviða þar sem unnið er jafnt á tvíhliða og fjölþjóða grundvelli. Efla þarf samstarf við frjáls félagasamtök.
- Nauðsynlegt er að einfalda og efla stofnanalegt fyrirkomulag þróunarsamvinnu Íslendinga.
- Stjórnvöld stuðli að enn frekari fjárfestingum og eflingu einkaframtaks í þróunarlöndum, m.a. með tengslum við alþjóðalánastofnanir.
- Aukin verði þátttaka í stofnunum Sameinuðu þjóðanna, líkt og barnahjálpi SP (UNICEF) og þróunarsjóði fyrir konur (UNIFEM).

### **Fyrstu skref**

Efla samráð og samstarf við félagasamtök og fyrirtæki. Stjórnvöld eiga að stuðla að fræðslu og vitundarvakningu um þróunarsamvinnu og neyðarhjálp.

## **Ályktun um friðargæslu**

### **Markmið**

Verkefni íslensks friðargæslustafs eiga að felast í aðkomu borgaralegra sérfræðinga að uppbyggingu stríðshrjáðra samfélaga. Markmiðið á að vera að koma í veg fyrir átök eða að

koma á varanlegum friði, ásamt mannúðar- og neyðaraðstoð við flóttafólk og fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara.

### ***Leiðir***

- Kannað verði hvernig efla megi þátttöku friðargæslunnar í friðargæslu- og uppbyggingarverkefnum ESB.
- Friðargæslan sinni verkefnum sem henta báðum kynjum.

### ***Fyrstu skref***

Velja verkefni þar sem sérþekking Íslendinga kemur hvað best að gagni.

## Ályktun um samvinnufélög

### **Markmið**

Samvinnurekstur hefur ýmsa kosti umfram önnur rekstrarform við að leysa sameiginleg verkefni. Hann byggir á hugsjóninni um einn maður sé eitt atkvæði og að ábati af rekstri skilar sér til félagsmanna í hlutfalli við viðskipti hans. Framsóknarmenn telja brýnt að nú verði horft í auknum mæli til samvinnurekstrar.

### **Leiðir**

- Tryggja þarf aðgang að upplýsingum um samvinnufélög sem rekstrarform í stuðningskerfi atvinnulífsins.
- Tryggja þarf að skattalegt umhverfi samvinnufélaga sé sambærilegt á við önnur rekstrarform.
- Samvinnufélög sem endurfjárfesta hagnað félagsins til hagsbóta fyrir samfélagið geti dregið framlögin frá skatti.
- Þjóða þarf starfsmönnum fyrirtækja, sem hafa orðið gjaldþrota, upp á að mynda samvinnufélög utan um reksturinn.
- Samvinnufélögum verði gert kleyft að reka fjármálastofnanir.

### **Fyrstu skref**

Löggjöf um rekstrarform og skattlagningu félaga verður endurskoðuð til að tryggja að starfsumhverfi samvinnufélaga verði sambærilegt við önnur rekstrarform. Endurskoða þarf löggjöf um sparisjóði til að tryggja hlut og réttindi stofnfjáreigenda á grunni hugmyndafræðinnar um samvinnulánastofnanir og samfélagslega ábyrgð sparisjóðanna.

## Ályktun um náttúruauðlindir Íslands

### **Markmið**

Að nýta náttúruauðlindir þjóðarinnar af varúð og virðingu og tryggja öllum landsmönnum arð af sameiginlegum auðlindum. Ísland verði sjálfbært í orkunýtingu og staða auðlinda í þjóðareigu verði tryggð.

### **Leiðir**

- Efla skal þekkingu á náttúruauðlindum og umhverfi þeirra svo hægt verði að taka ákvarðanir um nýtingu og verndun á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga.
- Í stjórnarskrá standi: „Auðlindir Íslands utan eignalanda eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Með auðlindum er átt við nytjastofna á Íslandsmiðum, auðlindir á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og náttúruauðlindir í þjóðlendum.
- Auðlindasjóður verði stofnaður og til hans renni þær greiðslur sem greiddar eru fyrir afnot af þeim náttúruauðlindum sem eru í sameign þjóðarinnar. Meginhlutverk sjóðsins verði uppbygging, nýsköpun og framfarir í landinu öllu.
- Stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu allra auðlinda þjóðarinnar.
- Landsvirkjun og dótturfyrirtæki hennar verði áfram í eigu ríkisins.

## ***Fyrstu skref***

Efla grunnrannsóknir á náttúruauðlindum og náttúru landsins í tengslum við heildarrannsóknir á náttúru landsins. Lagt verði fram frumvarp um stofnun Auðlindasjóðs. Leitast verði við að styrkja enn frekari rannsóknir á djúpbörðun og rannsóknir efldar til að leita leiða til betri nýtingar jarðvarma. Áfram verði unnið að útgáfu sérleyfa til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á íslensku yfirráðasvæði.

## **Ályktun um menntakerfið**

### ***Markmið***

Á Íslandi skulu allir njóta jafnra tækifæra til menntunar, óháð efnahag og búsetu. Hátt menntunarstig þjóðarinnar tryggir aukna hagsæld hennar og sess í samfélagi þjóðanna. Námsumhverfi á Íslandi skal standast alþjóðalegan samanburð og vera fjölbreytt, eftirsóknarvert og endurspeglar þarfir þjóðar í nútíð og framtíð. Nauðsynlegt er að þjóðarsátt ríki um menntun í landinu og að fjárhagslegur grundvöllur íslensks menntakerfis sé tryggður allt frá leikskóla til háskóla. Framtíð þjóðarinnar byggir á öflugu menntakerfi.

### ***Leiðir***

- Þarfir nemanda til menntunar séu ávallt í forgangi við skipulag og uppbyggingu menntakerfisins.
- Öllum sé gert kleift að stunda framhaldsskólanám frá lögheimili sínu.
- Kostnaðargrunnur alls náms á grunn-, framhalds- og háskólastigi verði endurskoðaður og endurspeglar raunkostnað.
- Efla stuðningsnet skóla þannig að það geti tekið mið af mismunandi þörfum nemenda.
- Styðja við skóla, íþróttafélög og aðra aðila í að tengja íþrótt, tómstunda- og æskulýðsstarfskóladeginum.
- Efla starfs- og verkmenntun.
- Bæta gæðastjórnun í menntakerfinu.
- Tryggja þarf nemendum með annað móðurmál en íslensku, allt frá leikskóla, kennslu í íslensku og aðlögun að íslensku samfélagi.
- Lögð verði aukin áhersla á opinn og frjálsan hugbúnað í menntakerfinu.
- Skoða ber mismunandi rekstrarform í menntakerfinu með jákvæðum augum.
- Einstök skólasvæði komi sér upp samvinnuvettvangi.

## ***Fyrstu skref***

Kostir samvinnuformsins verði kannaðir við rekstur menntastofnanna í landinu. Ljúka þarf vinnu við háhraða nettengingar á landsbyggðinni svo allir grunn- og framhaldsskólanemar eigi kost á því að nýta sér nútíma upplýsingatækni við nám. Mikilvægt er að tryggja góð og gagnkvæm samskipti foreldra og skóla allt frá leikskóla til 18 ára aldurs.

## **Ályktun um leikskólastigið**

### ***Markmið***

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og hlutverk hans á ætíð að vera að annast uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri. Í leikskóla á sér stað mótun sem einstaklingurinn býr að alla ævi. Leikurinn er hornsteinn alls leikskólastarfs, hann er námsleið barnsins og um leið helsta kennsluaðferð leikskólakennarans. Í leikskólastarfi skal leggja áherslu á að flétta saman leik –

vinnu – námi. Lögð er áhersla á að námið verði hér eftir sem hingað til einstaklingsmiðað, en jafnframt læra samvinnu, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd og félagsfærni.

### **Leiðir**

- Áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem áhersla er á að nemendur fái verkefni við hæfi.
- Efla og styrkja samstarf leik- og grunnskóla.
- Hækka menntunarstig starfsmanna leikskólanna og fjölga leikskólakennurum.
- Efla endurmenntun starfsmanna leikskóla til að tryggja fjölbreytt og faglegt starf.
- Draga úr greiðslubyrði foreldra vegna leikskóla.
- Tryggja virkt og gott samstarf heimilis og leikskóla.
- Tryggja þarf greiðslur úr jöfnunarsjóði til að mæta nýjum lögum varðandi snemmtæka íhlutun.

### **Fyrstu skref**

Ríkið hefji viðræður við sveitarfélög um fjármögnun leikskóla. Settar verði skýrar reglur um hvernig samstarf kennara milli skólastiga geti verið háttað. Vinna áætlun um endur- sí- og grunnmenntun leikskólakennara og annarra starfsmanna í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

## **Ályktun um grunnskólastigið**

### **Markmið**

Á grunnskólaárum á sér stað mótun sem einstaklingurinn býr að alla ævi. Helsta markmið grunnskólans á að vera að þroska einstaklinga þannig að þeir öðlist öflugna sjálfs- og samfélagsvitund og sterka undirstöðumenntun er nýtist þeim til framtíðar. Skólastarf skal mæta þörfum bæði innfæddra og aðfluttra Íslendinga.

### **Leiðir**

- Efla vitund nemenda um daglegt líf í landinu með góðu samstarfi við félagasamtök, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.
- Auka markvisst samfélagsvitund ungmenna og efla þekkingu þeirra á réttindum sínum og skyldum.
- Auka náms- og starfsfræðslu.
- Nemendur fái aukið svigrúm til að velja nám eða námsleið sem byggir á mismunandi áhuga og námsfærni.
- Styrkja grunnskóla svo þeir geti betur unnið eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar.
- Efla íslenskukennslu markvisst og lestrarfærni þar sem tekið er tillit til aðstæðna einstaklinga.
- Efla samstarf milli grunnskóla, íþróttafélaga, tónlistarskóla og annarra sem bjóða upp á tólmundastarf í nærumhverfi grunnskólanna.
- Auka samstarf grunnskóla við leik- og framhaldsskóla.
- Styðja og efla enn frekar tækifæri grunnskólanema til að stunda einingabært nám á framhaldsskólastigi. Tryggja virkt og gott samstarf heimilis og skóla, byggt á virðingu og trausti.

### **Fyrstu skref**

Ljúka þarf vinnu við háhraða nettengingar til að allir grunn- og framhaldsskólanemar eigi kost á því að nýta sér nútíma upplýsingatækni við nám óháð búsetu. Ríki og sveitarfélög hefji viðræður

um aukið fjármagn vegna einstaklingsmiðaðs náms og skóla án aðgreiningar er tryggt að grunnskólar geti staðið við skuldbindingar sínar.

## Ályktun um framhaldsskólastigið

### **Markmið**

Allir eiga að geta stundað framhaldsskólanám við sitt hæfi. Með nýjum framhaldsskólalögum sem eiga að vera komin til framkvæmda eigi síðar en 2011 verði tryggt fjölbreytt og sveigjanlegt námsframboð. Framhaldsskólanám á að vera raunhæfur möguleiki óháð búsetu. Ekki kemur til greina að innheimta skólagjöld í opinberum framhaldsskólum. Afar mikilvægt er að sporna við brottfalli úr framhaldsskólum. Tónlistarnám á framhaldsskólastigi verði viðurkennt af ríkinu á sama grundvelli og annað framhaldsskólanám.

### **Leiðir**

- Tryggt verði að allir hafi aðgang að framhaldsskólanámi frá lögheimili sínu.
- Auka samstarf framhaldsskóla og grunnskóla. Það á sérstaklega við á landsbyggðinni þar sem fámenni kallar á aukna hagkvæmni í nýtingu mannauðs, húsnæðis, tækjabúnaðar og ferða með hagsmunum nemenda að leiðarljósi.
- Auka náms- og starfsfræðslu.
- Styðja sérstaklega nemendur af erlendum uppruna.

### **Fyrstu skref**

Ljúka þarf vinnu við háhraða nettengingar til að allir grunn- og framhaldsskólanemar eigi kost á því að nýta sér nútíma upplýsingatækni við nám óháð búsetu. Gerð verði heildaráætlun um uppbyggingu framhaldsskólanáms og fjarkennslumiðstöðva. Kanna kosti þess að flytja framhaldsskólastigið til sveitarfélaganna.

## Ályktun um háskólastigið

### **Markmið**

Háskólamenntun er driffjöður frampróunar og gegnir lykilhlutverki í eflingu nýsköpunar, rannsókna og varðveislu þjóðararfs. Háskólanám er lykillinn að samkeppnishæfni, fjölmennningarlegri hæfni og framgangi Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Alþjóðavæðing háskólanáms á Íslandi hefur verið til fyrirmyndar og mikilvægt að hún verði styrkt enn frekar með það að leiðarljósi að íslenskir háskólar skipi sér á bekk með bestu háskólum heims. Samkeppnisstaða ríkisrekinnna og einkarekinnna háskóla skal vera sambærileg og þannig staðinn vörður um jafnrétti til háskólanáms.

### **Leiðir**

- Auka námsframboð á háskólastigi.
- Auka möguleika til fjarnáms.
- Fjölga háskólasetrum.
- Leggja aukna áherslu á háskólakennslu á landsbyggðinni þar sem sérstaða héraðanna verði nýtt í sérgreiningu.
- Styrkja tilvist og framgang fámennari háskóladeilda og séríslenskra greina.
- Efla rannsóknir og styðja við uppbyggingu framhaldsnáms á háskólastigi.

- Efla alþjóðasamstarf háskólanna.
- Leggja aukna áherslu á gæðamat og gæðaeftirlit í íslensku háskólaumhverfi. Mikilvægt er að slíkt mat, framkvæmt af óháðum aðilum, fari fram reglulega.
- Skráningargjald í grunn- og framhaldsnámi í ríkisreknum háskólum endurspegli raunverulegan kostnað sem liggur þar að baki og verði haldið í lágmarki.
- Skólagjöld í opinberum háskólum koma ekki til greina í almennu grunnnámi, né framhaldsnámi sem ekki er í boði annarsstaðar.
- Reiknilíkan rekstrarkostnaðar til ríkisreknu háskólanna verði í samræmi við það nám sem boðið er upp á í hverjum skóla og endurspegli raunkostnað.
- Settar verði skýrar reglur um samninga milli ríkis og rekstraraðila einkarekinna námsbrauta um stofnframlag ríkisins.
- Einkareknir skólar fái endurgreidda skatta af byggingaframkvæmdum eins og ríkisreknir skólar.

### **Fyrstu skref**

Að styðja markvisst við háskólasamfélagið með því að efla kennslu og rannsóknir á háskólastigi. Styrkja alþjóðlegt samstarf innlendra og erlendra fræðimanna og nemenda. Efla rannsóknarsjóði grunn- og hagnýtra rannsókna, og styrkja umhverfi nýsköpunar á öllum sviðum þjóðlífsins.

## **Ályktun um Lánasjóð íslenskra námsmanna**

### **Markmið**

Ísland á að vera stéttlaust þjóðfélag. Liður í því er að allir landsmenn njóti jafnra tækifæra til náms. Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) á að tryggja framfærslu lánþega sinna meðan á námi stendur. Það er því þjóðinni til heilla að standa vörð um LÍN, efla sjóðinn og styrkja.

### **Leiðir**

- Framfærslugrunnur námslána endurspegli raunverulega framfærsluþörf og verði tengdur neysliverðsvísitölu.
- Námslán verði tengd við samræmdan framfærslugrunn.
- Ef námi lýkur á tilskildum tíma verði hluta námsláns breytt í styrk.
- Tekjutenging námslána verði afnumin.
- Þak á námslán verði hækkað.

### **Fyrstu skref**

Ráðist verði í að reikna út raunverulega framfærsluþörf á Íslandi og erlendis. Þrjátíu prósent námslána breytist í styrk ljúki nemandi námi á tilskildum tíma. Tryggja þarf að námsmenn erlendis verði ekki fyrir skakkaföllum sökum mikilla sveiflna í gengi íslensku krónunnar.

## **Ályktun um sí- og endurmenntun**

### **Markmið**

Tryggja þarf öllum rétt til menntunar óháð efnahag og aðstæðum allt lífið. Lykillinn að skilvirkum vinnumarkaði og háu atvinnustigi er menntun.

### **Leiðir**

- Efla ber atvinnutengda menntun. Þörfum atvinnulífsins fyrir æðri starfsmenntun verði fullnægt með öflugri uppbyggingu starfsmenntaháskóla.
- Koma þarf á fót öflugri og fjölbreyttu sí- og endurmenntunarkerfi fyrir þá sem hafa áhuga á frekari menntun seint á lífsleiðinni, óháð stúdentsprófi.
- Efla þarf sérúrræði handa þeim sem eiga í erfiðleikum með lestur eða eiga á annan hátt örðugt með nám.
- Í samvinnu við atvinnulífið þarf að viðhalda öflugri kerfi sí- og endurmenntunar um allt land.
- Fullorðnum einstaklingum standi til boða náms- og starfsráðgjöf.
- Tryggja þarf innflytjendum kennslu í íslensku og fræðslu um íslenskt samfélag.
- Menntakerfið verði í auknum mæli nýtt til að auðvelda fólki sem orðið hefur fyrir áföllum að skipta um starfsvettvang.
- Móta tillögur að kerfi starfshæfismats þar sem fólk með nám erlendis frá eða mikla starfsreynslu getur fengið starfshæfismat til réttinda.

### **Fyrstu skref**

Sett verði heildarlöggjöf um sí- og endurmenntun og hugað sérstaklega að lausnum fyrir fólk sem þarf að skipta um starfsvettvang, t.d. vegna atvinnumissis eða örorku.

## **Ályktun um menningarmál**

### **Markmið**

Fjölbreytt og skapandi menningarstarfsemi er dýrgripur hvernar þjóðar og á að standa öllum til boða. Framsóknarflokkurinn vill auka rannsóknir á íslenskri menningu og íslenskum menningararfi. Keppa ber að kynningu íslenskrar menningar- og menntastarfsemi. Forsenda fjölbreyttrar og öflugrar menningarstarfsemi er opið og gagnsætt styrkjakerfi. Einfalda þarf stjórnsýslu og verkaskiptingu stofnana og sjóða á sviði menningarmála.

### **Leiðir**

- Auka ber rannsóknir á íslenskri menningu og gildum hennar.
- Tryggja þarf rekstrargrundvöll menningarhúsa sem víðast í samvinnu ríkis og sveitarfélaga.
- Móta þarf stefnu um uppbyggingu í menningartengdri ferðaþjónustu og stefnu fyrir menningarstarfsemi í heild sinni.
- Endurgreiðslur framleiðslukostnaðar í kvikmyndagerð verði auknar enn frekar.
- Komið verði á fót námi í kvikmyndagerð á háskólastigi.

### **Fyrstu skref**

Menntamálaráðuneyti leggi drög að vinnu til að einfalda stjórnsýslu og koma á fót gagnsæu styrkjakerfi. Kennsla í kvikmyndagerð verði tekin upp í Listháskóla Íslands.

## Ályktun um safnamál

### Markmið

Söfn eru vettvangur skapandi hugsunar og félagslegra samskipta. Þau eru mikilvægur liður í menntun almennings þar sem fólk getur aflað sér þekkingar út frá eigin forsendum. Á Íslandi verði þrjú höfuðsöfn í fremstu röð sambærilegra safna í Evrópu, hvort heldur sem litið er til söfnunar, miðlunar eða rannsókna. Mikilvægt er að auka fé í safnasjóð og efla þannig faglegt vægi hans.

### Leiðir

- Söfn setji sér fræðslustefnu sem tryggi aðgengi allra að þekkingu, efli skilning, sköpunarkraft og gagnrýna hugsun.
- Smærri söfn, sér í lagi á landsbyggðinni, verði gert kleift að sinna að fullu hlutverkum sínum eins og getið er um í safnalögum.
- Tengsl safna og menntastofnana verði eflað.
- Hafist verði strax handa við byggingu nýs náttúruinjasafns.
- Leiðandi söfn taki í auknum mæli að sér ráðgjöf og aðstoð við önnur söfn á sínu sviði.
- Smærri söfn auki samstarf sín á milli og sameinist um sérhæfðar geymslur eða þjónustuhús eins og kostur er.
- Allt það fé sem lagt er í safnastarf renni til viðurkenndra safna að fenginni umsögn fagaðila.
- Safnvísum sem starfa í samstarfi við viðurkennd söfn verði gert kleift að sækja um fé í safnasjóð.

### Fyrstu skref

Samþykkt verði ný safnalög þar sem áhersla er lögð á fræðsluhlutverk safna. Gerð verði heildarúttekt á geymslumálum safna á Íslandi og niðurstöður þeirrar úttektar nýttar til stefnumótunar í uppbyggingu þjónustuhúsa.

## Ályktun um íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsmál

### Markmið

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsmála. Mikilvægi þessara málaflokka er gríðarlegt, t.d. hvað varðar lífsgæði, menntun, forvarnir, heilbrigði og byggðamál. Tryggt framboð og tryggð gæði eiga saman að stuðla að almennari iðkun. Allir skulu eiga jafnan rétt til þátttöku.

### Leiðir

- Ríkið komi að fjármögnun íþróttá- og æskulýðsstarfs og stuðli meðal annars þannig að jafnræði til þátttöku óháð búsetu og efnahag.
- Horfið verði frá niðurskurði á ferðajöfnunarsjóði íþróttafélaga. Að ríkið beiti sér fyrir því í samvinnu við sveitarfélög að byggð verði upp aðstaða fyrir hvers konar íþróttá- og tómsundaiðkun.
- Tryggja þarf samvinnu og samráð milli leiðbeinenda til að stuðla að velferð þátttakenda. Mynda þarf heildstæða stefnu um þessi málefni í samvinnu ríkis og sveitarfélaga.
- Koma skal á sérstökum félagsmálasjóði sem sveitarfélög geta sótt í fjármagn, í samræmi við þá starfsemi sem þau bjóða upp á. Félagsmálasjóðurinn stuðlar að jafnrétti til

þátttöku, fjölbreyttu framboði, almennari þátttöku, auknum gæðum og aukinni samkeppnishæfni sveitarfélaga.

- Sérstaklega þarf að vinna með markvissum hætti að því að fá börn og unglunga af erlendum uppruna til að taka virkan þátt í íþrótt- og/eða æskulýðsstarfi.
- Mikilvægt er að hvetja til samstarfs við einkaaðila, ríki og sveitarfélög landsins.
- Gera auknar faglegar kröfur til þjálfara og leiðbeinenda.
- Efla samstarf milli grunnskóla, íþróttafélaga, tónlistarskóla og annarra sem bjóða upp á tómstundastarf í nærumhverfi grunnskóla.

### ***Fyrstu skref***

Marka þarf stefnu og setja reglur um úthlutun úr félagsmálasjóði í samvinnu við samtök sveitarfélaga ásamt því að áætla árlega lágmarksfjárhæð sem rennur frá ríkinu til sjóðsins. Efla markvisst námskeiðahald til handa þeim sem leiðbeina í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi.

## **Ályktun um fjölmiðla**

### ***Markmið***

Fjölmiðlar eru mikilvæg upplýsingalind almennings í lýðræðislegu samfélagi. Miklu máli skiptir að menningarleg og stjórnmálaleg fjölbreytni sé ríkjandi á fjölmiðlamarkaði þannig að borgarar geti tekið upplýsta afstöðu til lýðræðislegra ákvarðana.

### ***Leiðir***

- Áfram verði rekið öflugt ríkisútvarp í eðlilegri samkeppni við aðra fjölmiðla.
- Lögð verði aukin áhersla á almenningsþjónustuhlutverk RÚV.
- Setja reglur sem tryggja gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.
- Aðilum verði sett hófleg mörk um heimilan eignarhluta í fjölmiðlum sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði.
- Ritstjórnir fjölmiðla njóti sjálfstæðis frá eigendum sínum.
- Stjórnsýsla fjölmiðla verði á verksviði eins og sama stjórnvaldsins.

### ***Fyrstu skref***

Sett verði lög um fjölmiðla.

## **Ályktun um tungumál**

### ***Markmið***

Staða íslenskunnar er sterk nú um mundir en gæta verður þess að sofna ekki á verðinum. Tungumálið er undirstaða tilvistar þjóðarinnar, sjálfsmýndar og sérstöðu. Staða íslenskrar tungu til framtíðar verður þó aldrei tryggð eingöngu með laga- og stjórnarskrárákvæðum. Lesskilningi íslenskra barna hefur hrakað á síðustu árum og þarf að taka á því af mikilli festu.

### ***Leiðir***

- Íslenska verði viðurkennd sem opinbert tungumál á Íslandi.
- Þáttur sköpunar og tjáningar á íslensku verði markvisst aukinn í menntakerfinu frá leikskóla upp í framhaldsskóla.
- Öllum á að standa til boða góð íslenskukennsla.

- Íslenskt tungumál fái að þróast í samræmi við íslenska málstefnu.
- Íslensk fyrirtæki verði hvött og studd til að móta sér málstefnu sem hafi það að markmiði að tryggja stöðu íslenskrar tungu í atvinnulífinu.
- Viðurkenna ber táknið sem móðurmál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

### **Fyrstu skref**

Stjórnvöld setji sér það markmið að allt notendaviðmót í tölvum í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum verði á íslensku.

## **Ályktun um vísindi, rannsóknir og nýsköpun**

### **Markmið**

Rannsóknastarf á Íslandi er öflugt á alþjóðavísu. Það er mikilvægt að sjá til þess að á því verði ekki breyting. Efla ber samstarf um vísindi og grunnrannsóknir, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Undirstöður þekkingarsköpunar eru öflugar grunnrannsóknir, en þekkingarsköpun er aftur undirstaða arðbærra hugmynda í þekkingariðnaði. Ísland á að vera eftirsóknarverður og eftirtektarverður staður fyrir vísindamenn og frumkvöðla í alþjóðasamfélaginu.

### **Leiðir**

- Tryggja fræðimönnum akademískt frelsi enda er það forsenda þess að grunnrannsóknir blómstri í þekkingarsamfélagi.
- Hvetja til rannsókna sem geta leitt til einkaleyfa og nýsköpunar í atvinnulífinu.
- Auka samvinnu háskólastofnana, rannsóknarstofnana og fyrirtækja í landinu.
- Að efla uppbyggingu vísindagarða sem ýta undir samstarf háskólastofnana, opinberra stofnana og fyrirtækja.
- Auka alþjóðlegt samstarf rannsóknarstofnana í landinu.
- Taka upp skattalega hvata til að styðja við fyrirtæki sem stunda rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.
- Nota skattalega hvata til að dreifa áhættu fjárfesta sem koma snemma að nýsköpunarverkefnum.
- Aðlaga reglur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að þörfum frumkvöðla.
- Efla Tækniþróunarsjóð til að stuðla að fjölgun félaga og fyrirtækja sem stunda nýsköpun.
- Hlutverk opinberra rannsóknarstofnana taki meira mið af samstarfi við háskóla og fyrirtæki.
- Lögð verði aukin rækt við frumkvöðlafræðslu og fræðslu um stofnun og rekstur nýrra fyrirtækja og samvinnufélaga innan skólakerfisins.
- Vinna áfram að uppbyggingu þekkingarsetra.
- Lögð verði áhersla á að styðja við nýsköpun á sviðum atvinnulífsins þar sem íslenskir þekkingarkjarnar eru til staðar, svo sem í sjávarútvegi, orkuvinnslu, álframleiðslu, ferðamennsku og landbúnaði.

### **Fyrstu skref**

Aukið fé verði lagt í samkeppnissjóði grunnrannsókna og sjóði sem styðja tækniþróun og nýsköpun á næstu árum. Tryggja fé til samstarfsverkefna á innlendum og erlendum grunni. Hefja uppbyggingu vísindagarða með það að leiðarljósi að samstarf stofnana og fyrirtækja sé ekki háð kostnaði við uppbyggingu þeirra.

## Ályktun um iðn- og verknám

### **Markmið**

Tryggja framboð á hæfu verk- og tæknimenntuðu fólki, en forsenda þess er öflugt iðn- og verknám.

### **Leiðir**

- Ráðast í sérstakt átak til að efla starfs- og iðnnám í landinu.
- Sérstök áhersla verði lögð á að auka framboð í starfs- og iðnnámi á landsbyggðinni sem höfðar jafnt til beggja kynja og verði raunhæfur valkostur fyrir alla.
- Efla tengsl framhaldsskóla og atvinnulífs til að auka skilvirkni verk- og starfsnáms.
- Þörfum atvinnulífsins fyrir æðri starfsmenntun verði fullnægt með öflugri uppbyggingu starfsmenntaháskóla sem leggur áherslu á verkmenntir, tæknimenntun, starfstengda fræðslu og þjálfun á háskólastigi.
- Bætt skuli við kennslufræðigreinum í meistaranámi þannig að meistara geti sinnt hlutverki sínu sem leiðbeinendur og kennarar.

### **Fyrstu skref**

Leggja þarf aukna áherslu á fjölbreytni framhaldsskólanna með sérstakri áherslu á iðn- og starfsnám.

## Ályktun um loftslagsmál

### **Markmið**

Alþjóðlegir samningar um loftslagsmál eru mjög mikilvægir íslensku efnahagslífi. Leggja þarf ríka áherslu á að sérstaða Íslands verði áfram viðurkennd og stefnt verði að því að áfram verði mögulegt að nýta endurnýjanlega orku landsins til efnahagsuppbyggingar. Ennfremur þarf að gæta hagsmuna samgangna til og frá landinu, sjávarútvegs og annars atvinnulífs. Loftslagsmál eru alþjóðlegur málaflokkur sem allar þjóðir heims verða að takast á við í sameiningu. Ísland á að beita sér fyrir því, í samvinnu við hin Norðurlöndin og Evrópusambandið, að farið verði í alþjóðlegar aðgerðir til að sporna við aukningu í styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.

### **Leiðir**

- Ísland styðji svokallaða geiranálgun í alþjóðlegum loftslagssamningum, sem felst í því að einstakir geirar atvinnulífs taki á sig alþjóðlegar skuldbindingar.
- Taka virkan þátt í loftslagsstarfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurskautsráðsins.
- Draga skal úr útblástursmengun frá bílaflotanum um 50% á næstu 10 árum.
- Að vinna markvisst að því að skipta yfir í endurnýjanlegt eða vistvænt eldsneyti bæði í samgöngum og við fiskveiðar.
- Ísland beiti sér fyrir því að loftmengunarsáttmáli alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, verði staðfestur.
- Losunarheimildir Íslands gangi inn í Auðlindasjóð og verði farið með þær á sama hátt og aðrar auðlindir í þjóðareigu.
- Stórauka bindingu kolefnis, t.d. með skógrækt, landgræðslu og niðurdælingu koltvísýrings.

### **Fyrstu skref**

Ríki og sveitarfélög hefji viðræður um leiðir til að gera almenningssamgöngur að raunhæfum valkosti með afnámi gjaldtöku þar sem það á við og útvíkkun þjónustuvæða. Bílnotendum verði beint á braut vistvænna orkugjafa með hagrænum hvötum. Skattlagning vistvænna ökutækja verði hverfandi. Vörugjöld og virðisaukaskattur af reiðhjólum verði afnuminn. Skapa verður umhverfi fyrir viðskipti með losunarheimildir. Áfram verði haldið á braut vetnisvæðingar og þróun á öðrum orkuberum og orkugjöfum, eins og rafmagni, lífdísels, etanóls og metanóls verði eflað. Íslendingar taki virkan þátt í alþjóðlegu vísindasamstarfi í loftslagsmálum og í þróun nýrra aðferða til að binda koltvísýring. Ísland setji sér viðmiðunarmörk varðandi brennisteinsvetni í andrúmslofti.

## **Ályktun um umhverfi hafsins**

### **Markmið**

Hreinn sjór sem grundvöllur að hreinum og ómengduðum sjávarafurðum er eitt mikilvægasta hagsmunamál Íslendinga í umhverfismálum og eitt þeirra umhverfismála sem alþjóðasamfélagið verður að taka á enda virðir mengun sjávar engin landamæri. Ísland er forysturíki í baráttunni gegn mengun sjávar og á að halda þeirri stöðu sinni. Grunnþekking á gerð hafsbotnsins innan lögsögu Íslands er mikilvæg í ljósi þess að Íslendingar eru fiskveiðipjóð.

### **Leiðir**

- Ísland haldi uppi öflugum þrýstingi á alþjóðavettvangi til að draga úr og koma í veg fyrir mengun sjávar.
- Áfram verði barist gegn mengun vegna þrávirkra lífrænna efna enda er lífríki kaldari hluta jarðarinnar sérstaklega viðkvæmt gagnvart þeirri mengun.
- Búsvæði sjávarbotnsins verði rannsökuð og kortlögð.
- Með opnun siglingarleiða norðurslóða verði settar strangar reglur um siglingar skipa næst landi til að fyrirbyggja mengunar- og efnaslys og stórefla viðbúnað við mengunarslysum.
- Stórefla kortlagningu á hafsbotninum innan lögsögunnar, á djúp og grunnsævi.

### **Fyrstu skref**

Ísland á að hafa frumkvæði að stofnun sjávarmengunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem myndi leiða gerð heildarúttektar á ástandi hafsvæða um allan heim. Ísland beiti sér á alþjóðavettvangi fyrir því að minnka styrk geislavirkra efna í hafi enda eiga slík efni að mestu leyti eða öllu rætur til erlendra uppsprettna. Leggja drög að áætlun um að stórefla kortlagningu hafsbotns innan lögsögunnar í samstarfi við Sjósmælingasvið Landhelgisgæslunnar, Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnun.

## **Ályktun um náttúruvernd**

### **Markmið**

Virðing fyrir náttúrunni hefur verið grundvallarstef í stefnu Framsóknarflokksins frá stofnun hans. Umgengni um náttúruna verður ávallt að vera í anda sjálfbærrar þróunar og samþættingu við

efnahagsvöxt, félagslega velferð og verndun umhverfisins. Ætíð skal hafa varúðar- og mengunarbótareglurnar í heiðri.

### **Leiðir**

- Nauðsynlegt er að halda áfram á braut skipulegrar náttúruverndar og taka heildstætt á öllu landinu með náttúruverndaráætlun. Gerð verði grein fyrir þeim svæðum sem þegar eru vernduð og þau komi inn í mat á verndargildi þeirra svæða sem næst verða tekin fyrir.
- Gerð verði áætlun um verndun og nýtingu allra dýrategunda landsins á grundvelli heildarrannsóknna á lífríkinu. Tryggja verður líffræðilega fjölbreytni með því að varðveita fjölbreytileikann, kortleggja eiginleika tegundanna og nýtingu þeirra í samhengi.
- Haldið verði áfram að byggja myndarlega upp þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, sérstaklega á miðhálandi landsins.
- Skýrar reglur verði settar um utanvegaakstur og viðurlög.
- Stórefla grunnkortagerð á Íslandi.
- Hafin verði markviss kortlagning jarðfræði og jarðsögu landsins í mælikvarða 1:50.000, þar sem jarðfræði þekking landsins verði grunnur að skynsamlegri nýtingu jarðefna og landsgæða.

### **Fyrstu skref**

Efla kortlagningu og söfnun upplýsinga sem til eru um náttúru Íslands. Fara skipulega í greiningu og rannsóknir á vistkerfum, búsvæðum og stofni allra tegunda í flóru og fínu landsins sem skapar nýjan grunn að öllu náttúruverndarstarfi í landinu. Farið verði skipulega yfir náttúruvætti landsins, þau skrásett og verndargildi þeirra metið á faglegan hátt í samstarfi við heimamenn á hverjum stað. Komið verði á skilvirku skipulagi um jarðfræðikortlagningu landsins í samstarfi við Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Íslenskar Orkurannsóknir. Framsóknarflokkurinn leggur mikla áherslu á að Jökulsá á Fjöllum verði friðuð frá upptökum til sjávar. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að lög og reglur er varða umhverfismál nái einnig til félagslegrar velferðar auk umhverfis- og efnahagslegra sjónarmiða. Þannig er tryggt að öllum meginstoðum sjálfbærrar þróunar sé náð.

## **Ályktun um refa- og minkaveiði**

### **Markmið**

Tryggja fjármagn til fækkunar refa- og eyðingar minks úr íslenskri náttúru.

### **Leiðir**

- Ríkið taki alfarið við ábyrgð og kostnaði við eyðingu minka og styðji áfram við svæðisbundnar tilraunir við útrýmingu minks.
- Ríkið auki kostnaðarþátttöku sína við refaveiðar þannig að hlutdeild þeirra fari a.m.k. ekki niður fyrir 50% af heildarkostnaði.

### **Fyrstu skref**

Kanna kostnað einstakra sveitarfélaga við refa- og minkaveiðar og koma með tillögur að fjármögnun og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Að sveitarfélög fái virðisaukaskatt af refa- og minkaveiðum endurgreiddan.

## Ályktun um landsskipulag

### **Markmið**

Gagnsæ og skýr stefnumörkun hins opinbera er forsenda þess að einstaklingar og fyrirtæki geti skipulagt athafnir sínar. Skipulagning landnotkunar og landsgæða skulu vera í anda sjálfbærrar þróunar.

### **Leiðir**

- Skipulagsvaldið verði áfram hjá sveitarfélögunum.
- Sveitarfélög verði studd til uppbyggingar faglegrar þjónustu á sviði skipulagsmála.
- Heildstæð sýn í skipulagsmálum, landsskipulagsstefna, verði leiðbeinandi við skipulagsgerð sveitarfélaga. Þar er um að ræða stefnumótun um landnotkun sem varðar þjóðarhagsmuni um grunngerð á landsvísu, sjálfbæra þróun, byggðaáætlun, samgönguáætlun, náttúruverndaráætlun, áætlun um nýtingu auðlinda, heilbrigðisáætlun og fleira sem á að miða að sama marki.
- Skipulag skilgreini hvaða vegum og vegslóðum verði haldið opnum.
- Við gerð landsskipulags má ekki ganga á sjálfstæði sveitarfélaga. Landsskipulagsáætlanir skulu vera einfalt og skýrt leiðarljós fyrir sveitarfélög og almenning.

### **Fyrstu skref**

Áætlanir á vegum hins opinbera verða sambættar í einni landsskipulagsstefnu. Þær leggja þó áherslu á að landsskipulag miðhálandisins verði frágengið sem fyrst. Flýta fyrir nákvæmri kortlagningu náttúru Íslands enda byggir allt skipulagsstarf á haldbærri þekkingu á náttúrunni.

## Ályktun um endurnýtingu og endurvinnslu

### **Markmið**

Auðlindir jarðarinnar eru takmarkaðar og ber því að umgangast þær af kostgæfni. Mikilvægt er að endurnýta eins mikið af endurvinnanlegum afurðum og kostur er, enda geta mikil verðmæti verið fólgin í þeim, en farga því sem út af stendur við bestu aðstæður sem völ er á.

### **Leiðir**

- Beita ber hagrænum hvötum til að auka endurnýtingu og endurvinnslu þar sem þeim verður við komið.
- Auka fræðslu almennings um endurnýtingu og endurvinnslu.
- Hvetja skal til þátttöku skóla í umhverfisverkefnum.

### **Fyrstu skref**

Íbúum þéttbýlissvæða verði gert kleift að flokka allt sorp og greitt verði fyrir endurnýtanlegan úrgang. Auknar kröfur verði gerðar til endurnýtingar lífræns úrgangs sem miðar að jarðgerð og virkjun hauggass.

## Ályktun um byggðamál

### Markmið

Að tryggja að vöxtur og uppbygging nái til landsins alls og að fólk og fyrirtæki geti vaxið og dafnað og fundið sér verkefni við hæfi í heimabyggð. Sérstaklega skal hugað að svæðum þar sem fólksfækkun er viðvarandi.

### Leiðir

- Tryggðir verði fjármunir til að framkvæma markmið byggðaáætlunar.
- Rekin verði kröftug nýsköpun og atvinnuþróun um allt land, m.a. til að treysta þróun atvinnulífs og búsetuskilyrða á landsbyggðinni. Höfuðstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar verði fluttar út á landsbyggðina.
- Að stuðla að frekari uppbyggingu háskólanáms á landsbyggðinni þannig að fleiri fái tækifæri til að stunda háskólanám í sinni heimabyggð. Kanna þyrfti stofnun samvinnuháskóla.
- Að efla enn frekar þekkingar- og frumkvöðlasetur á landsbyggðinni.
- Að stuðla að eflingu rannsókna á landsbyggðinni með sérstaka áherslu á sjávarútveg, landbúnað og iðnað.
- Fyrirtækjum sem fjárfesta eða fjölga störfum á skilgreindum svæðum á landsbyggðinni standi til boða fjárfestingarstyrkir í samræmi við heimildir Íslands til að veita byggðastyrki samkvæmt reglum um Evrópska efnahagssvæðið.
- Gerðar verði auknar kröfur til ráðuneyta og stofnana ríkisins um að framfylgja markmiðum byggðaáætlunar um fjölgun starfa á landsbyggðinni.
- Stórauka framlög til vaxtarsamninga á landsbyggðinni. Samningarnir skulu byggja á samvinnuhugsjóninni til að efla samfélagslega ábyrgð.
- Frumkvæði einstakra byggðarlaga á uppbyggingu og nýsköpun í iðnaði verð virt. Lögð verði áhersla á endurnýjanlega orkugjafa.
- Leitað verði leiða til að lækka kostnaði við vöruflutninga í landinu.
- Að auðlindagjald renni fyrst um sinn til uppbyggingar í þeim byggðarlögum sem orðið hafa fyrir tekju- og atvinnumissi á undanförunum árum.
- Haldið verði áfram með áttak í þrífösun rafmagns. Jafnframt þarf að gera úrbætur á afhendingaröryggi raforku. Framsóknarflokkurinn geri áttak í að kynna notendum kosti og tækifæri sem felast í nýjum raforkumarkaði, t.d. með stofnun samvinnufélaga orkukaupenda.
- Byggðastofnun veiti Alþingi ávallt umsögn um hvort hægt sé að vinna störf sem af lagafrumvörpum hljóttast á landsbyggðinni.

### Fyrstu skref

Framlög á fjárlögum til ráðuneyta og stofnana verði bundin því skilyrði að fylgt sé samþykktri byggðaáætlun um fjölgun starfa á landsbyggðinni. Í tengslum við stofnun auðlindasjóðs verði tryggt að hluti þess fjármagns sem sjóðurinn hefur til umráða renni til nýsköpunar á þeim svæðum sem farið hafa halloka í byggðapróun undanfarinna ára.

## Ályktun um landbúnaðarmál og matvælaöryggi

### Markmið

Íslenskur landbúnaður verði áfram sterkur atvinnuvegur sem framleiðir holl og góð matvæli, þannig að framboð, matvælaöryggi og heilbrigði þjóðarinnar verði tryggt.

## **Leiðir**

- Ræktun og nýting landsins gæða sé ávallt sjálfbær
- Vinna skal að því með öllum tiltækum ráðum að hingað berist ekki neinir búfjársjúkdómar
- Gerðar verði sömu kröfur til innfluttra matvæla og gerðar eru til íslenskrar framleiðslu.
- Hvatt skal til notkunar endurnýjanlegra orkugjafa í landbúnaði.
- Auðvelda þarf endurnýtingu og endurvinnslu í dreifðari byggðum.
- Tryggt verði, með hóflegum skilyrðum um búsetu og með auknum skyldum jarðareigenda gagnvart samfélaginu, að bújarðir verði setnar og nýttar til verðmætasköpunar.
- Allar búvörur verði upprunamerktar þar sem því verður við komið þannig að neytandinn viti hvaðan varan er.
- Tryggt verði að fjármagn til landbúnaðarmenntunar verði nægjanlegt svo efla megi áfram háskólanám, starfsmenntun og endurmenntun í landbúnaði.
- Heimavinnsla afurða úr hráefnum landbúnaðarins verði eflað.
- Leitað verði leiða til að auðvelda nýliðun í bændastétt og fagmenntuðum bændum auðveldað að hefja búskap.
- Tryggja þarf áfram öflugt kynbótastarf í landbúnaði þannig að framfarir í ræktun leiði til áframhaldandi hagræðingar í íslenskum landbúnaði.
- Vegna hugsanlegra aðildarviðræðna við ESB þarf að skilgreina samningsmarkmið fyrir íslenskan landbúnað í samvinnu við hagsmunaaðila í greininni.
- Stutt verði áfram við nytjaskógrækt og úrvinnslu skógarafurða

## **Fyrstu skref**

Tryggt verði, að ef ný matvælalöggjöf á Íslandi verður samþykkt, opni það ekki fyrir frjálst flæði ótryggra matvæla til landsins. Það skal gert með því að fara fram á viðbótartryggingar varðandi fleira en salmonellu í kjúklingum. Koma verður í veg fyrir að innflutt hrávara geti verið lakari að gæðum og heilnæmi en íslenskar landbúnaðarafurðir. Sett verði á stofn nefnd um hvernig sé hægt að auka verðmætasköpun í landbúnaði á næstu 10 árum. Samhliða verði Framleiðnisjóður landbúnaðarins eflaður. Halda áfram endurskipulagningu á stjórnsýslu- og eftirlitskerfi landbúnaðarins, en gæta þarf þess að kostnaður bænda af eftirliti opinberra aðila með starfsemi þeirra verði lágmarkaður. Tollar á aðföng landbúnaðar verði endurskoðaðir með lækkun framleiðslukostnaðar að markmiði.

## **Ályktun um sjávarútveg**

### **Markmið**

Mikilvægt er að tryggja sátt um sjávarútveginn og jafna starfsskilyrði innan greinarinnar og gagnvart öðrum atvinnugreinum. Ísland skal vera í fararbroddi hvað varðar ábyrgð í umhverfismálum í sjávarútvegi. Að efla rannsóknir á vistkerfi hafsins umhverfis landið og treysta þannig þann vísindalegan grunn sem nýttar hafsins verða að byggja á.

### **Leiðir**

- Stórefla rannsóknir á lífríki sjávar.
- Tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna.
- Minnka losun gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi.
- Tryggja að samræmi sé í skattlagningu mismunandi atvinnugreina.
- Að gerðar séu sambærilegar eftirlitskröfur til sjávarútvegs og til annarra

- atvinnugreina.
- Tryggja að opinbert eftirlit sé skilvirkt og íþyngi ekki greininni að óþörfu.
- Tryggja að innan sjávarútvegs séu starfsskilyrði jöfn.
- Fjármagn til rannsókna skal stóraukið, jafnt með beinum framlögum sem og auknu fjármagni í samkeppnissjóði.
- Rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra á lífríki hafsins verði efldar.
- Hafrannsóknastofnun skal auðveldað að bjóða út einstök rannsóknaverkefni að hluta eða í heild eftir því sem þurfa þykir.
- Að gerð verði heildarúttekt á kostum og göllum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins og það borið saman við önnur stjórnkerfi fiskveiða, s.s. í Færeyjum, Noregi, Kanada og Evrópusambandinu.

### ***Fyrstu skref***

Auka fjárframlög til Hafrannsóknastofnunar og í rannsóknasjóði. Vinna skal langtíma stefnumótun í haf- og fiskirannsóknum undir forystu Hafrannsóknastofnunar í samvinnu við aðrar rannsóknastofnanir og háskóla, með þátttöku allra hagsmunaaðila.

Auka þarf strax framlög í samkeppnissjóði á borð við AVS og Rannís sem eyrnamerkt verða verkefnum á sviði haf- og fiskirannsókna í samræmi við langtíma stefnumótun. Endurskoða hvernig hámarksafli er ákveðinn og hvernig þess er gætt að raunafli sé í samræmi við aflamark.

Flokksþing Framsóknarflokksins felur Landsstjórn að skipa nefnd til að fara yfir stefnu flokksins í sjávarútvegs málum. Nefndinni verði falið að fara ítarlega yfir málefni greinarinnar og skila skýrslu ásamt drögum að ályktun til flokksþings 2011.

## **Ályktun um skattamál einstaklinga**

### ***Markmið***

Markmið skattlagningar á einstaklinga er aflu tekna til sameiginlegra verkefna samfélagsins. Skattbyrðin verður þyngri á næstu árum vegna áfallanna á árinu 2008 en mikilvægt er að gæta hófs og sanngirni við skiptingu hennar á landsmenn. Markmiðið er að þær tekjur sem þarf til lágmarksframfærslu verði ekki skattlagðar.

### ***Leiðir***

- Einfalda skattkerfið og auka eftirlit með undanskotum.

### ***Fyrstu skref***

Unninn verði vandaður framfærslugrunnur sem lagður verði til grundvallar til að ákvarða skattleysismörk.

## **Ályktun um sveitarstjórnarmál**

### ***Markmið***

Sveitarstjórnarstigið á að vera sterkt og veita íbúum sínum fjölbreytta og öflugna nærþjónustu og stuðla að heilbrigðu samfélagi. Tryggt verði að tekjur sveitarfélaga verði í samræmi við lögbundnar skyldur þeirra og ríki og sveitarfélög séu samábyrg um hagstjórnina.

### **Leiðir**

- Endurskoðuð verði tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga.
- Hluti fjármagnstekjuskatts renni til sveitarfélaga vegna fjölgunar einkahlutafélaga.
- Unnið verði kostnaðarmat allra laga, reglugerða og stjórnvaldsáskvarðana er hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga.
- Jafnaður verði fjárhagslegur aðstöðumunur milli sveitarfélaga með því að styrkja Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sérstaklega til þessa verkefnis.
- Eflid verði samvinna sveitarfélaga og Vegagerðar um verkefni sem tengjast sveitarfélögunum.
- Sveitarfélögin nýti í auknum mæli kosti samvinnurekstrar við t.d. innkaup og tækniþjónustu.
- Gerð verði úttekt á því hverju sameiningar sveitarfélaga hafi skilað til íbúa þeirra.

### **Fyrstu skref**

Þegar verði hafnar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um tekjuskiptingu. Áfram verði unnið að því að kanna kosti þess að flytja fleiri verkefni til sveitarfélaga, t.d. málefni aldraðra, fatlaðra, heilsugæslu og framhaldsskóla. Áfram verði unnið að sameiningu og stækkun sveitarfélaga.

## **Ályktun um höfuðborgina**

### **Markmið**

Sérstaða höfuðborgarinnar er ótvíræð. Höfuðborgin á að vera miðstöð stjórnsýslu, menningar, alþjóðlegs samstarfs, innanlandssamgangna og þjónustu. Að sama skapi á höfuðborgin að hlúa að tengingum sínum við landið í heild sinni og með öflugri höfuðborg eru byggðirnar í landinu sterkari. Höfuðborgarsvæðið á ávallt að bjóða íbúum sínum upp á bestu aðstöðu í dagsins önn sem stenst allan samanburð við sambærileg svæði í nágrannalöndunum.

### **Leiðir**

- Til að stjórnsýslan geti þróast þarf í skipulagi að taka tillit til framtíðarþarfa hennar til aðstöðu; lóða og samgangna.
- Tryggja þarf aðstöðu helstu menningarstofnana þjóðarinnar um leið og ríkið tryggir rekstrargrundvöll þeirra.
- Öflugt háskólasamfélag, öryggi gagnaflutninga, greiðar samgöngur og hagstætt skattaumhverfi eru lykilþættir í því að skapa tækifæri sem byggja á þekkingu og rannsóknum, alþjóðlegu samstarfi og nýsköpun.

### **Næstu skref**

Almenningssamgöngur verði sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaganna og þær verði raunhæfur kostur fyrir alla á viðráðanlegu verði með hækkuðu þjónustustigi.

## Ályktun um samgöngumál

### **Markmið**

Að auka jafnræði íbúa, stuðla að jákvæðri búsetuþróun um land allt, jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja í landinu, draga úr slyshættu á vegum og bæta allar samgöngur milli byggðakjarna og sveitarfélaga.

### **Leiðir**

- Þjóðvegakerfið verði stórlega eftt til að auka öryggi samgangna á milli svæða og innan byggðarlaga. Farið verði í sérstakt átak til að bæta vegtengingu þeirra byggðarlaga sem enn búa við ófullnægjandi tengingar við þjóðvegakerfið. Það verði í algerum forgangi enda grundvallarforsenda byggðar og eðlilegs atvinnureksturs.
- Könnuð verði hagkvæmni þess að hefja strandflutninga.
- Unnið verði markvisst að tvöföldun akstursleiða út frá höfuðborginni og að aðskilja aksturslínur á þyngstu umferðaræðum.
- Að ferðakostnaður íbúa sem þurfa á ferjuleiðum að halda verði sambærilegur við ferðalög á þjóðvegum.
- Samgönguáætlun verði endurskoðuð með tilliti til breyttra aðstæðna í efnahagslífinu.
- Að gerð verði sérstök jarðgangaáætlun.
- Farið verði í sérstakt átak til að efla umferðaröryggi og svörtum blettum eytt samkvæmt umferðaröryggisáætlun.
- Að einbreiðar brýr á þjóð- og stofnvegakerfinu heyri sögunni til.
- Að miðstöð innanlandsflugs verði innan borgarmarka, á svipuðum slóðum og síðustu áratugi.
- Aðstæður innanlandsflugs verði bætтар. Fara þarf í sérstakar úrbætur á þeim svæðum þar sem ferðaöryggi er óviðunandi.

### **Fyrstu skref**

Við endurskoðun samgönguáætlunar verði lögð áhersla á mannaflsfrekar framkvæmdir.. Að gerð verði heildaráætlun um alla jarðgangakosti, samhliða samgönguáætlun hverju sinni, þar sem raunhæfum kostum verði skipað í tíma- og framkvæmdaröð.

## Ályktun um fjarskiptamál

### **Markmið**

Að auka jafnræði íbúa og jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja í landinu með því að tryggja jafnt aðgengi allra landsmanna að háhraðaneti og farsímaþjónustu. Þannig verði stuðlað að jákvæðri búsetuþróun um land allt.

### **Leiðir**

- Að ljúka því verkefni að koma á farsímasambandi á öllum mikilvægum samgönguleiðum og ferðamannastöðum til þess að tryggja öryggi almennings og ferðamanna.
- Að allir landsmenn hafi aðgang að háhraðatengingum á sambærilegu verði og með sambærilegu tengiöryggi.

- Nýr sæstrengur verði lagður milli Íslands og Evrópu og Íslands og Ameríku.
- Tryggð verði virk samkeppni á fjarskiptamarkaði.
- Að kannaðir verði kostir og gallar þess að grunnneti símkerfisins verði komið í opinbera eigu.

### ***Fyrstu skref***

Að koma á samningi fyrirtækja og ríkisvalds um lagningu nýs sæstrengs til Ameríku.

## **Ályktun um iðnaðarmál**

### ***Markmið***

Að á Íslandi sé öflugur iðnaður fyrir innlendan markað og til útflutnings. Móta verður sanngjarnt og hvetjandi fjárfestingaumhverfi fyrir erlenda sem innlenda fjárfesta þar sem tryggt er að jafnræðis sé gætt.

### ***Leiðir***

- Ríkið komi að eflingu iðnaðar til að skapa fleiri atvinnutækifæri.
- Unnið verði að uppbyggingu fullvinnslu á hráefnum, fiskafurðum, landbúnaðarafurðum og iðnaðarvörum.
- Fjárfestingarstofa fái umtalsvert meira fjármagn til að vinna að fjárfestingu erlendra fyrirtækja hér á landi.
- Skilgreindar verði þær ívilnanir sem Ísland er tilbúið að bjóða fjárfestum.
- Skipulagsferli vegna nýframkvæmda verði gert skilvirkara og hraðvirkara.
- Útflutningsráði verði veitt aukið fjármagn og komið verði á virku samstarfi á milli ráðsins, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og atvinnuþróunarfélaganna um ráðgjöf við útflutning.
- Nýsköpunarsjóður verði endurfjármagnaður og sameinaður lánasviði Byggðastofnunar sem Endurreisnarsjóður Íslands, til að styðja við nýsköpun og fjármögnun fyrirtækja á landsvísi með hlutafjárkaupum og lánsfé.
- Auknar verði ábyrgðir vegna útflutnings. Hluti af fjármögnun Endurreisnarsjóðsins verður nýtt til að styrkja tryggingadeild útflutnings sem er nú starfrækt við Nýsköpunarsjóð.
- Áfram verði unnið að öflun endurnýjanlegrar orku sem nýtt verði til uppbyggingar iðnaðar hér á landi.
- Unnið verði að uppbyggingu olíu- og gasvinnslu á Íslandi.

### ***Fyrstu skref***

Ráðist verði í byggingu nýrrar áburðarverksmiðju sem í fyrsta áfanga gæti annað innanlandsmarkaði. Nýsköpunarsjóður og lánasvið Byggðastofnunar verði sameinað sem Endurreisnarsjóður Íslands. Hætt verði við stofnun Framtaks og fjármagnið nýtt til að fjármagna sjóðinn. Auknu fjármagni verði veitt til Útflutningsráðs og Fjárfestingarstofu.

## **Ályktun um orkumál**

### ***Markmið***

Ísland á að vera leiðandi afl í nýtingu endurnýtanlegrar orku. Ísland á að vera sjálfu sér nægt um orku og ef olía finnst í einhverjum mæli skal hún unnin á Íslandi og fari í sem mestum mæli í efnaiðnað í stað brennslu.

### **Leiðir**

- Byggja skal áfram á skynsamlegri virkjun vatns- og jarðhitaorku.
- Tryggja verður jafnræði meðal heimila í verðlagningu rafmagns og heits vatns.
- Hið opinbera þarf að styrkja minni sveitarfélög við það að nýta jarðhita til húshitunar eins og kostur er.
- Vinna þarf hratt og örugglega að undirbúningi olíuleitar á Drekasvæðinu.
- Vinna þarf að undirbúningi byggingar olíuhreinsistöðvar.

### **Fyrstu skref**

Djúpboranarannsóknnum verði fram haldið af fullum krafti. Lokið verði vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og reynt á hverjum tíma að útvega orku til þeirra fjárfesta sem vilja koma að atvinnuuppbyggingu á Íslandi.

## **Ályktun um ferðaþjónustu**

### **Markmið**

Landið allt verði kynnt til eflingar ferðaþjónustu þar sem náttúra, matvæli, mannlíf og menning gegna lykilhlutverki. Ímynd landsins byggi á hreinleika, öryggi og fegurð þess.

### **Leiðir**

- Mótun verði landnýtingarstefna fyrir ferðaþjónustuna sem forsenda markaðssetningar og uppbyggingar innviða á svæðum skilgreindum sem ferðamannasvæðum.
- Ferðaþjónustufyrirtæki búi við heilbrigða samkeppni og samkeppnishæf rekstrarskilyrði.
- Hlúð verði að menntun, nýsköpun og uppbyggingu í ferðaþjónustu.
- Þjóðgarða og önnur verndarsvæði ber að efla. Lögð sé áhersla á skynsamlega nýtingu einkum með uppbyggingu ferðaþjónustu í huga.
- Skoðað verði hvort hægt sé að koma á skipulagðri gjaldtöku vegna viðkvæmustu eða fjölförnustu ferðamannastöðum. Gjaldið skal notað til reksturs viðkomandi svæðis.

### **Fyrstu skref**

Upplýsingagjöf til ferðamanna verði eflað og samræmd

Átak verði gert í vörupróunar- og markaðsmálum utan háannatíma.

Áfram verði stutt við starfsemi markaðsskrifstofa ferðamála um land allt.

## **Ályktun um upplýsingatækni**

### **Markmið**

Að á Íslandi þrífist öflugur upplýsingatækiöndur sem skapi þjóðarþúinu umtalsverðar útflutningstekjur.

### **Leiðir**

- Rutt verði skipulega burt öllum óþarfa lagahindrunum til að auðvelda innleiðingu upplýsingatækni.
- Lögð verði áhersla á að efla rafræna stjórnsýslu.
- Opinberir aðilar stytti boðleiðir við borgarana með aukinni sjálf virkni og sjálfsafgreiðslu.

- Hugbúnaðargerð sitji við sama borð og kvikmyndagerð, þannig að sett verði sambærileg reglugerð um tímabundnar endurgreiðslur úr ríkissjóði vegna hugbúnaðargerðar á Íslandi til útflutnings.
- Stutt verði við uppbyggingu á gagnaverum.
- Tæknipróunarsjóður verði eflur og nýttur m.a. til að efla nýsköpun í upplýsingatækni á Íslandi.

### **Fyrstu skref**

Settur verði á stofn starfshópur sem endurskoðar viðeigandi lög með því tilliti að auðvelda innleiðingu upplýsingatækni. Lokið verði við innleiðingu rafrænna skilríkja á debetkortum landsmanna. Breyta þarf lögum um þinglýsingar þannig að hægt sé að framkvæma þinglýsingar rafrænt.

## **Ályktun um efnahagsmál**

### **Markmið**

Að hagkerfið sé stöðugt, gagnsætt og traust og að fyrirtæki og einstaklingar búi við öruggt og heilbrigt starfsumhverfi. Traust ríki um þær stofnanir sem taka efnahagslegar ákvarðanir, veita upplýsingar um og hafa eftirlit með efnahagslífinu.

### **Leiðir**

- Ísland gangi til aðildarviðræðna við ESB og gangi í sambandið telji þjóðin að hagsmunum sínum sé best borgið þar. (Til samræmis við ESB ályktun)
- Til lengri tíma þarf að vinna að því að efnahagslífið uppfylli Maastricht-skilyrði ESB.
- Komi til aðildarviðræðna við ESB þarf eitt af samningsmarkmiðum að vera að fundin verði lausn á gjaldmiðilsvanda þjóðarinnar sem brúar bilið þar til mögulegt verður að taka upp evru, s.s. með því að tengja íslensku krónuna við evruna með sama hætti og gert er með dönsku krónuna.
- Bankar verði einkavæddir á ný en hið opinbera haldi eftir eignarhlut til að tryggja eftirlit með starfsemi þeirra og standa vörð um réttindi smærri hluthafa, með aðild að stjórn þeirra.
- Til skamms tíma þarf hið opinbera að ganga hart fram til að vinna bug á vaxandi atvinnuleysi svo að kreppan dýpki ekki enn frekar og hjól atvinnulífsins stöðvist ekki.
- Sveitarfélögin hafa stóru hlutverki að gegna við uppbyggingu atvinnulífs. Að þessu verkefni þarf að vinna í samvinnu við þau og endurmeta skiptingu skatttekna í samræmi við það svo takmarkað fjármagn nýtist sem best.
- Fjármálaeftirlit verði eflt.
- Peningamálastefnan verði endurskoðuð.
- Komið verði á stofn sérstakri efnahagsstofnun, undir stjórn Alþingis.
- Endurskoða starfsemi Seðlabanka Íslands. Seðlabankastjórum fækki úr þremur í einn. Bankastjóra Seðlabankans skal skipa til starfa samkvæmt meginreglum stjórnarsýslulaga þar sem einungis fagleg sjónarmið ráði för.

### **Fyrstu skref**

Stofnsett verði ný óháð efnahagsstofnun undir stjórn Alþingis með sambærilega stöðu og Ríkisendurskoðun. Stofnunin hafi það hlutverk að annast greiningar og upplýsingagjöf um íslenskt efnahagslíf. Farið verði yfir öll gildandi lög um fjármálamarkaðinn og þau endurskoðuð með hliðsjón af því að koma í veg fyrir að áföll undanfarinna mánaða endurtaki sig, auka valddreifingu, eftirlit á markaðnum og réttindi smærri hluthafa. Ítarleg rannsókn fari fram á

orsökum hrunsins í október 2008. Rannsaka verður alla þætti málsins, þ.m.t. einkavæðingu bankanna og viðbrögð stjórnvalda í aðdraganda og kjölfar hrunsins. Rannsóknarnefndin þarf að fá frjálsar hendur til að fara eins langt aftur í tíma og þörf krefur og kalla eftir öllum þeim gögnum sem að gagni geta komið. Endurskoða þarf lög um Seðlabankann. Gerð verði formleg úttekt, samhliða aðildarviðræðum við ESB, á kostum og göllum þess að taka einhliða upp annan gjaldmiðil, með hliðsjón af þeim fordæmum sem fyrir því eru. Auka þarf opinberar framkvæmdir í samráði og samvinnu við sveitarfélögin í landinu.

## Ályktun um samkeppnis- og neytendamál

### **Markmið**

Að samkeppnisumhverfi sé heilbrigt og vernd neytenda sé öflug, þar sem opinberar eftirlitsstofnanir tryggja réttindi neytenda og fyrirtækja og komið sé í veg fyrir óeðlilega viðskiptahætti.

### **Leiðir**

- Eftirlitsstofnanir ríkisins á sviðum neytenda- og samkeppnismála verði eflar þar sem styrkur þeirra og sjálfstæði geta skipt höfuðmáli.
- Efla samráðsvettvang og auka inngripsheimildir þeirra stofnanna sem rannsaka og hafa eftirlit með samkeppni og vernd neytenda.
- Tryggja þarf að samkeppnissjónarmiðum sé fullnægt við við endursölu fyrirtækja sem komast í þrot
- Hið opinbera láti áfram fylgjast með verðlagningu í samvinnu við aðra aðila.
- Eftirlit með ákvæðum laga um markaðssetningu og auglýsingar sé fylgt eftir af meiri krafti, sérstaklega hvað varðar markaðssetningu og auglýsingar gagnvart börnum.
- Auka ber neytendafræðslu til að halda almenningi upplýstum um réttindi sín og skyldur, t.d. við gjaldþrot sölu- og þjónustuaðila
- Aukin kynning á umhverfis- og sanngirnismarketingum (e. fair trade) sem og upprunamerkingum
- Endurskoða gjaldþrotalög og þá styðjast við sambærileg lög á hinum Norðurlöndunum.
- Sett verði löggjöf gegn hringamyndun í smásölu

### **Fyrstu skref**

Verð- og vörumerkingaeftirlit verði aukið. Sett verði lög sem heimili hóp málsókn líkt og á öðrum Norðurlöndum og víðar. Stofnað verði til nýs samráðsvettvangs þeirra stofnanna sem fara með vernd neytenda og eftirlit fyrirtækja. Verð- og vörumerkingaeftirlit verði eftl.

## Ályktun um viðskiptaumhverfi

### **Markmið**

Að á Íslandi þróist heilbrigt, öflugt og aðlaðandi viðskiptaumhverfi þar sem áhersla er lögð á opin viðskiptatengsl í alþjóðaumhverfi.

### **Leiðir**

- Eftirlitsstofnanir verði endurskipulagðar og eflar.
- Samkeppnisreglur verði styrktar og komið í veg fyrir óeðlileg krosseignatengsl.

- Reglur settar um viðskipti tengdra aðila og komið í veg fyrir dulda samþjöppun.
- Farið verði yfir reglur um samvinnufélög og sparisjóði.
- Umhverfi einyrkja og lítilla fyrirtækja verði endurskoðað og styrkt.
- Eignarhald á einkahlutafélögum verði skráð hjá fyrirtækjaskrá við stofnun og eigendaskipti.
- Skattaumhverfi sé sanngjarnt, samkeppnisfært og stuðli að nýsköpun og fjárfestingu.
- Stjórnendur fyrirtækja sem skráð eru á Íslandi skulu í einhverjum mæli hafa aðsetur á Íslandi.
- Stærri lánveitingar og lántökur til skráðra félaga og fjárfestingafélaga, sem og til helstu hluthafa í slíkum félögum verði tilkynningaskyldar til Fjármálaeftirlitsins.

### ***Fyrstu skref***

Íslenska viðskiptaumhverfið verði endurskoðað og byggt á þeirri þekkingu sem aflað verður í rannsókn á bankahruninu haustið 2008.

## **Ályktun um málefni barna og unglinga**

### ***Markmið***

Framsóknarflokkurinn leggur ríka áherslu á að málefnum barna, unglinga og fjölskyldna verði skipaður sérstakur sess innan Stjórnarráðs Íslands.

### ***Leiðir***

- Sett verði á fót sérstök skrifstofa barna- og fjölskyldumála. Skrifstofan vinni að innleiðingu nýrrar heildstæðrar forvarnarstefnu.
- Sérstök áhersla verði lögð á forvarnir og samþættingu á sviði barnaverndarmála og þróun nýrra úrræða utan meðferðarstofnana.
- Mótun verði sérstök stefna í málefnum unglinga og sett verði sérstök löggjöf um æskulýðsmál.
- Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins styrki sveigjanleika á vinnumarkaði og jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs og að það verði gert í þríhliða samstarfi hins opinbera við aðila vinnumarkaðarins.
- Gera þarf átak í því að virkja foreldra og forráðamenn í starfi með börnum sínum. Foreldra og forráðamenn þarf að hvetja til þátttöku í foreldrasamstarfi leikskóla og grunnskóla, sem og að verja tíma með börnum sínum. Tryggja þarf foreldrum og forráðamönnum svigrúm til að verja tíma með börnum sínum
- Tryggja og standa vörð um réttindi barna og unglinga á vinnumarkaði.
- Foreldrar og forráðamenn vinnandi unglinga undir 18 ára aldri verða með sannanlegum hætti að samþykkja formlega ráðningarsamninga.
- Breytingar verði gerðar sem fyrst á barnalögum til að fjölga úrræðum dómara í forræðisdeilum, þ.e. að dómara fái heimild til að dæma sameiginlega forsjá.
- Jafnaðar verði aðstæður foreldra þeirra barna sem eiga tvö heimili. Skoðaðir verði kostir og gallar við að heimila börnum að skrá tvöfalt lögheimili í þeim tilfellum sem foreldrar búa á tveimur stöðum.
- Meðlagskerfið verði endurskoðað á þann hátt að tekið verði tillit til umgengni þegar meðlag er ákveðið og fólki gefinn kostur á að semja sjálft um meðlag.

### ***Fyrstu skref***

Hafnar verði viðræður við aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að ná betra jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs. Innan stjórnarráðsins verði sett á stofn skrifstofa barna og fjölskyldumála.

## **Ályktun um barnaverndarmál**

### ***Markmið***

Framsóknarflokkurinn telur að endurskoða skuli barnaverndarmál í heild sinni í takt við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Horft skal til nágrannaþjóða okkar varðandi útfærslu og framkvæmd þessara mála og úrlausnir þeirra nýttar til umbóta á íslenskri löggjöf er varðar börn og barnavernd, þannig að vinnubrögð, ákvarðanatökur og úrræði sambærilegra mála á öllu landinu verði með sama hætti og tryggt að jafnræðis sé gætt.

### ***Leiðir***

- Hagsmunir barna skulu vera í fyrirrúmi í allri ákvarðanatöku og framkvæmd barnaverndarmála.
- Skoðaðir verði kostir þess að meðferð úrskurðarmála verði á hendi einnar eða fárra stofnana á vegum ríkisins til að tryggja samræmda meðferð vegna þyngstu barnaverndarmála.
- Tryggja skal að fagaðilar komi ávallt að ákvarðanatöku við úrlausn og framkvæmd barnaverndarmála.
- Eftirlit með barnaverndarmálum skal vera fullkomlega aðskilið frá framkvæmdaraðilum barnaverndarmála. Ríkið gegni eftirlitshlutverki gagnvart nefndum sveitarfélaga.
- Stefnt skal að endurskoðun upptökusvæða barnaverndarmála á Íslandi og skilgreina hlutverk ríkis og sveitarfélaga með tilliti til stofnunar eins barnaverndaryfirvalds.

### ***Fyrstu skref***

Endurskoða skal lög og reglur um barnaverndarmál í heild sinni á næsta kjörtímabili og skal sérstaklega horft til nágrannaþjóðanna, einkum Norðurlandanna. Enn fremur skal gera stöðumat á starfsemi barnaverndarmála á Íslandi með hagsmuni barna að leiðarljósi.

## **Ályktun um almanna- og sjúkratryggingamál**

### ***Markmið***

Samhjálp er einn af hornsteinum íslensks samfélags. Hún byggist á þeirri grundvallarhugsun að allir landsmenn eigi sameiginlegt almanna- og sjúkratryggingakerfi sem tryggi mönnum lágmarksframfærslu ef heilsufar eða aðstæður hamla einstaklingum eða fjölskyldum tekjuöflun.

### ***Leiðir***

- Áhersla verði lögð á að tryggja sérstaklega hag þeirra öryrkja, fatlaðs fólks og aldraðra sem lægstar tekjur hafa.
- Embætti umboðsmanns öryrkja, fatlaðs fólks og aldraðra verði stofnað.

- Almennatryggingakerfið verði endurskoðað og einfaldað og sérstaklega verði skoðað samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóðina. Könnuð verði hagkvæmni þess að fela lífeyrissjóðunum eða sveitarfélögunum að sjá um greiðslu elli- og örorkulífeyris almennatrygginga.
- Frekar verði horft til þess hvað fólk getur en hins sem það getur ekki þegar örorka er skilgreind og kerfið gert sveigjanlegra þannig að fólk geti reynt tímabundið á mörk sín án þess að réttindi hjá Tryggingastofnun skerðist.
- Tekjutengingar opinberra framlaga og stuðnings við einstaklinga og hópa eru eitt af þeim úrræðum sem hið opinbera hefur til þess að beina aðstoð samfélagsins enn frekar til þeirra sem mest þurfa á henni að halda. Draga verulega úr tekjutengingum og skerðingum bóta örorku- og ellilífeyrisþega.
- Frítekjumark skal setja á greiðslur úr lífeyrissjóðum.
- Langveikum skal gert kleift að takast á við veikindi sín við mannsæmandi aðstæður með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi. Hér skiptir samhent átak miklu máli, þjónusta sjúkrahúsa, heilsugæslu, heimahlyning/heimahjúkrun og sveitarfélag/heimaþjónusta.
- Áfram skal unnið að réttindum langveikra barna og foreldra þeirra, sérstaklega þarf að auka veikindarétt foreldra langveikra barna.
- Efla skal starfs- og endurhæfingarúrræði fólks sem er á endurhæfingar- og örorkulífeyri og þarf aðstoð til bættra lífskjara og til að komast út á vinnumarkaðinn. Endurhæfingin þarf að ná til félagslegra, andlegra, líkamlegra og fjárhagslegra þátta.
- Þátttaka hins opinbera í ferðakostnaði sjúklinga verði aukin enn frekar til að koma í veg fyrir mismunun í aðgengi að heilbrigðisþjónustu vegna búsetu.
- Heyrnarskertum verði séð fyrir nauðsynlegum hjálpartækjum og átak gert í túlkþjónustu og textun.
- Afnema ber lækkun skaðabóta sem tryggingafélög greiða vegna varanlegrar örorku í kjölfar slysa, vegna réttinda sem hinn slasaði á hjá Sjúkratryggingastofnun og/eða lífeyrissjóði.

### ***Fyrstu skref***

Skipa nefnd til mótunar velferðarstefnu Íslendinga. Sú stefna taki m.a. mið af fyrirsjáanlegum breytingum í aldurssamsetningu þjóðarinnar og hafi að leiðarljósi að standa vörð um kjör þeirra sem minna mega sín á samdráttartímum.

## **Ályktun um lífeyri, bætur og lágmarksframfærslu**

### ***Markmið***

Hver einstaklingur á að safna sér lífeyri í gegnum lífeyrissjóði en samtrygging á að vera sem mest í gegnum sameiginlega sjóði. Eigendur lífeyrisins eiga að hafa bein áhrif á hvernig hann er ávaxtaður. Það er skylda samfélagsins að tryggja öllum þegnum viðunandi framfærslu, sama hvaða áföllum þeir hafa orðið fyrir. Kerfið á að vera einfalt, gegnsætt og sanngjarnt og byggja á sameiginlegum skilningi á því hver lágmarksframfærsla er hverju sinni.

### ***Leiðir***

- Tryggja að allir landsmenn búi við sambærileg lífeyrisréttindi og afnema sérréttindi alþingismanna.

- Fara þarf í sértækar aðgerðir gagnvart þeim hópi aldraðra sem er eignalítill og átti þess ekki kost að safna í lífeyrissjóði.
- Framfærslu frá TR sem verður í kjölfar áfalls þarf að miða við fyrri tekjur viðkomandi á sama hátt og gert er varðandi fæðingarorlof til þess að fólk geti staðið við skuldbindingar sínar.
- Við skattlagningu lífeyrisgreiðslna á að taka tillit til þess að hluti þeirra eru fjármagnstekjur.
- Lífeyrisréttindi heimavinnandi verði tryggð.
- Fólk sem hefur lífsviðurværi sitt af tryggingabótum á að safna lífeyri eins og aðrir landsmenn þannig að ákveðin skil verði við 67 ára aldur eins og hjá öðrum.
- Tryggja skal að mánaðarleg greiðsla í fæðingarorlofi sé ekki lægri en lágmarksframfærsla á hverjum tíma

### ***Fyrstu skref***

Stjórnvöld og lífeyrissjóðir taki sameiginlega á þeim tímabundna vanda sem þeir sem komu seint inn í lífeyrissjóðakerfið horfast í augu við. Leiðréttta ber þá tvísköttun sem eldra fyrirkomulag skattheimtu af greiðslum í lífeyrissjóði hefur í för með sér.

## **Ályktun um málefni aldraðra**

### ***Markmið***

Eitt af meginviðfangsefnum heilbrigðisþjónustunnar í framtíðinni tengist hækkandi meðalaldri þjóðarinnar. Fjölgun aldraðra með ólíkar aðstæður, væntingar og þarfir, kallar á fjölbreytta og sveigjanlega þjónustu sem tekur mið af þörfum fólksins á hverjum tíma. Aldraðir eiga að hafa tækifæri til þess að ákvarða um mál sem þá varðar, svo sem fjárhag, aðstæður og umhverfi.

### ***Leiðir***

- Tryggja þarf þá þjónustu sem gerir öldruðum kleift að búa á eigin heimili þrátt fyrir veikindi eins lengi og kostur er með viðeigandi stuðningi frá heilbrigðis- og félagsþjónustu ásamt fjölþættri stoðþjónustu, svo sem dagvistunarræðum og skammtímadvöl.
- Gera þarf átak í að bjóða upp á aðgengileg og fjölbreytt búsetuúrræði til að mæta ólíkum þörfum fólks, til dæmis hvað efnahagslegar aðstæður og búsetu varðar.
- Bæta þarf við stuðningsúrræðum fyrir fjölskyldur minnissjúkra einstaklinga, svo sem með næturgistingu, helgardvöl og tíðari skammtímadvöl yfir árið.
- Mikilvægt er að vistunarmat faghóps tryggi ætíð forgang þeirra veikustu að varanlegri vistun í hjúkrunarrými.
- Gera áætlun um uppbyggingu hjúkrunarheimila þar sem þörfin er brýnust og tryggja að öll hjúkrunarrými séu einbylí.
- Skoða samþættingu laga um málefni aldraðra við aðra löggjöf um heilbrigðis-, félags- og velferðarmál.
- Meta hvort taka skuli upp það fyrirkomulag að umtalsverður sérkostnaður, s.s. dýr lyf og hjálpartæki, sem fara langt yfir daggjöld, fylgi sjúklingi í gegnum hina ýmsu þjónustupætti heilbrigðis- og velferðarkerfis
- Tryggt verði fjármagn til að reka þá þjónustu sem fyrir er.

### **Fyrstu skref**

Unnið sé markvisst að því að fækka fjölbýlum á dvalar- og hjúrkrunarheimilum og tryggja heimavistun sem víðast um landið með áherslu á kvöld-, nætur- og helgarþjónustu. Lögð verði áhersla á kosti samvinnurekstrar til að leysa búsetu- og stoðþjónustu við aldraða.

## **Ályktun um geðheilbrigði**

### **Markmið**

Leggja skal aukna áherslu á almenna geðrækt í samfélaginu. Veita á geðfötluðum og aðstandendum þeirra tækifæri til að hafa áhrif á mótun og þróun þjónustunnar. Veita á geðfötluðum tækifæri til að taka sem mestan þátt í samfélaginu.

### **Leiðir**

- Efla ber enn frekar þjónustu, s.s búsetu- og dagþjónustu og stuðning við atvinnuþátttöku geðfatlaðra, fólks með geðraskanir, aldraðra og heilabilaðra. Fyrst og fremst með aukinni þjónustu utan stofnana en einnig með fjölgun stofnanaúrræða.
- Hlut heilsugæslunnar í geðheilbrigðisþjónustu ber að efla um allt land með þverfaglegri nálgun, sálfræðinga, iðjuþjálfara og félagsráðgjafa svo dæmi séu nefnd.
- Standa ber vörð um Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra til að ekki myndist óeðlileg bið eftir þjónustu.
- Fjölga þarf rýmum fyrir sjúklinga á legudeildum sem og bæta aðbúnað sjúklinga og starfsmanna BUGL. Fara skal í átak varðandi framhaldsmeðferðir til að draga úr álagi á legudeildum BUGL, líkt og áfangahæimili við Búðargerði.
- Auka aðgengi almennings að þjónustu sálfræðinga með því að niðurgreiða hana á svipaðan hátt og gert er með þjónustu geðlækna og annarra heilbrigðisstétta.
- Gera þarf heimilislæknum kleift að ávísa sálfræðilegri meðferð.

### **Fyrstu skref**

Efla geðrækt og auka hlut heilsugæslunnar í geðheilbrigðisþjónustunni.

## **Ályktun um málefni fatlaðs fólks**

### **Markmið**

Allir þegnar þjóðfélagsins njóti jafnræðis, óháð félagslegri, líkamlegri eða andlegri skerðingu.

### **Leiðir**

- Setja skýr markmið varðandi yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og tryggja aðkomu allra sem hagsmuna eiga að gæta og tryggja að nægt fjármagn fylgi.
- Notendastýrð þjónusta er framtíðin þar sem fjármagnið fylgir einstaklingnum sjálfum sem tryggir að hann hafi bein áhrif á eigin velferð.
- Skilja þarf á milli búsetuþjónustu og stoðþjónustu.
- Efla þarf þekkingu almennings og vinna markvisst að viðhorfsbreytingu í samfélaginu á málefnum fatlaðs fólks. Til dæmis með aukinni fræðslu um fatlað fólk og stöðu minnihlutahópa í samfélaginu.

- Efla þarf skólakerfið til þess að öll fötluð börn eigi kost á menntun.
- Efla þarf námskeiðahald og faglega handleiðslu starfsmanna skólanna um stuðning við börn með sérþarfir.
- Félagsleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi þegar um er að ræða þjónustu við fatlað fólk. Fatlað fólk geti haft persónulegan talsmann.
- Efla þarf faglega þekkingu og færni starfsfólks sem starfar við þjónustu fatlaðs fólks.
- Veita fötluðu fólki raunverulegt val varðandi fjölbreytileg búsetu- og þjónustuúrræði.
- Endurskipuleggja skal ferliþjónustu fatlaðra með heildarsýn að leiðarljósi þar sem eitt þjónustukerfi starfi fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem vinnur eftir sömu reglum og einnig sé reynt að sníða á móta kerfi úti á landi.
- Vinna markvisst að því að hvetja fatlað fólk til að hasla sér völl með aukinni menntun og þátttöku í atvinnulífinu. Byggja upp fjölbreytt úrræði sem tryggja öllum val, allt frá dagþjónustu til þátttöku á almennum vinnumarkaði.
- Atvinnuþátttaka sé hvetjandi en leiði ekki til þess að fólk missi af tekjum frá TR.
- Tryggt verði að fötluð börn með tvö heimili njóti aðstoðar á þeim báðum.

### ***Fyrstu skref***

Gengið verði frá flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélag. Breyta tryggingakerfinu þannig að ekki komi til skerðinga á tekjum frá Tryggingastofnun þrátt fyrir atvinnuþátttöku fyrr en eftir tiltekinn reynslutíma.

## **Ályktun um jafnréttismál**

### ***Markmið***

Jöfn staða karla og kvenna á að vera grundvallarréttur í íslensku samfélagi. Hver og einn einstaklingur á að fá tækifæri til þroska hæfileika sína óháð kyni og hafa möguleika til að njóta jafna tækifæra á öllum sviðum samfélagsins.

### ***Leiðir***

- Aðilar vinnumarkaðarins og hið opinbera taki höndum saman um að útrýma kynbundnum launamun. Með kerfisbundnu starfsmati, afnámi launaleyndar, að sömu laun verði greidd fyrir jafnverðmæt störf og komið verði á jafnréttisvottun og eftirlit á framkvæmd fyrirtækja í launamálum og mannauðsstjórn verði aukin.
- Hið opinbera, sveitarfélög og atvinnulífið beiti sér fyrir jafnrétti, með opinberu átaki til að jafna hlut kvenna og karla í stjórnunarstörfum, nefndum og ráðum.
- Hið opinbera og sveitarfélög beiti sér fyrir aukinni jafnréttisfræðslu í leik- grunn- og framhaldsskólum, þannig að unnið verði gegn neikvæðum áhrifum kynbundinna staðalímynda og kynbundnu náms- og starfsvali, til að auka þátttöku þess kyns sem hallar á innan ákveðinna starfsstétta
- Afnáam staðalímynda og hindrana sem valda því að annað kynið búa við lakari stöðu og aðstæður, sem leiða af sér ójafnt mat á hlutverkum karla og kvenna í pólitísku, efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu samhengi. Auka þarf fræðslu, þjálfun og meðvitund um hin neikvæðu áhrif sem kynjaðar staðalímyndir hafa á og hamlar því að jöfn staða kvenna og karla náist.
- Að áfram verði unnið að því að jafna hlut kvenna og karla í stjórn málum með markvissum aðgerðum, t.d. með fræðslu um mikilvægi þessi að bæði kynin komi að

uppbyggingu samfélagsins, sérstökum aðgerðum af hálfu hins opinbera til þess að hvetja til aukinnar þátttöku þess kyns sem ekki er ráðandi og fléttulistum

- Unnið verði áfram að því að auka samræmi á milli fjölskyldulífs og atvinnulífs.
- Hið opinbera beiti sér fyrir aðgerðum til að sporna gegn kynbundnu ofbeldi með aukinni uppeldisfræðslu til uppalenda og annarra sem hafa með höndum samskipti við börn og unglinga og efla starf frjálsra félagasamtaka sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi.
- Tryggja þarf jafna aðkomu kynjanna að fjölmiðlum. Þá ber að stuðla að jöfnum hlutföllum kynjanna við stjórnun fjölmiðla og meðal starfsfólks þeirra
- Tryggja þarf jafna ábyrgð karla og kvenna vegna umönnunar annarra aðstandenda, en barna. Til dæmis með því að atvinnurekendur gefi bæði körlum og konum jafna möguleika til að komast úr vinnu til að sinna umönnun aðstandenda og innleiða ákvæði í kjarasamninga um orlof vegna umönnunar aðstandenda og auka fræðslu gegn þeim staðalmyndum að umönnun aðstandenda eigi fyrst og fremst að vera á ábyrgð kvenna
- Að opinberir aðilar og atvinnulífið vinni að jafnri stöðu karla og kvenna þegar kemur að innkaupum t.d. vegna samninga um vörur, þjónustu og framkvæmdir. Tryggt verði að þriðji aðili og undirverktakar beri sömu ábyrgð á að tryggja eða vinna að jafnri stöðu kvenna og karla eins og hið opinbera eða atvinnulífið hefði sjálft borið ef það veitti þjónustuna milliliðalaust. Til að vinna að þessu er brýnt að kanna áhrif samningsgerðar á kynin og þjálfar starfsfólk sem ábyrgð ber á innkaupum eða samningsgerð þannig að það sé meðvitað um jafnréttisþátt starfs síns.
- Gætt verði að því að samþætta kynjasjónarmið í allri fjárlagagerð á vegum ríkisins.
- Mikilvægt er að samkynhneigðir njóti réttinda til jafns við aðra í samfélaginu. Rétt er að löggjöfin endurspegli ekki aðgerningu gagnvart þeim. Því skal hafa eina hjónabandslöggjöf í landinu sem gildir fyrir alla.

### **Fyrstu skref**

Lengja fæðingarorlof í 12 mánuði. Ná hið fyrsta fram sáttmála aðila vinnumarkaðar og opinberra aðila um aðgerðir gegn kynbundnum launamun. Samþætta nú þegar jafnréttis- og kynjasjónarmið í öllu starfi ríkis og sveitarfélaga. Aukin verði fræðsla um jafnréttismál í leik, grunn- og framhaldsskólum.

## **Ályktun um forvarnir**

### **Markmið**

Öflugasta forvörnin er sterk og jákvæð sjálfsmynd barna og unglinga, samskiptahæfni og siðferðiskennd. Nauðsynlegt er að hefta með öllum ráðum innflutning, framleiðslu og dreifingu á fíkniefnum. Efla þarf forvarnir á öllum stigum skólustarfs.

### **Leiðir**

- Móta heildræna stefnu um forvarnir.
- Skýra þarf lagaumhverfi og framkvæmd laga um bann við áfengisauglýsingum til að hægt sé að sækja þá til saka er auglýsa áfengi.
- Nauðsynlegt er að kortleggja allt forvarnarstarf í landinu til þess að leggja mat á gæði starfsins.
- Auka þarf löggæslu og tollaeftirlit.
- Leggja ber áherslu á fjölbreytt meðferðarúrræði, sérstaklega sérhæfð úrræði fyrir aldurshópin 18-25 ára.
- Foreldrafræðsla verði eflid.
- Brýnt er að áfengi verði ekki selt í matvöruverslunum.

- Ungmennta- og íþróttafélög verði styrkt til vinnu að forvarnarmálum.

### **Fyrstu skref**

Áhættuhópar vegna fíkniefnaneyslu verði skilgreindir í samstarfi foreldra og fagaðila og þeim veittur sérstakur stuðningur og aðhald innan skóla-, heilbrigðis- og félagsmálakerfisins.

## **Ályktun um húsnæðismál**

### **Markmið**

Allir landsmenn skulu búa við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við hóflegar þarfir hvers og eins og hafa raunverulegt val um búsetuform.

### **Leiðir**

- Íbúðalánasjóður gegni áfram hlutverki sínu sem kjölfestan í íbúðalánakerfi landsmanna.
- Íbúðalánasjóði verði heimilt að stofna dótturfélög til að ná markmiðum sínum og koma til móts við alþjóðlegar skuldbindingar.
- Íbúðalánasjóði verði gefið svigrúm til samvinnu við aðrar fjármálastofnanir um þróun íbúðalánamarkaðarins.
- Komið verði á fót nýju húsnæðisbótakerfi í stað núverandi kerfis vaxtabóta og húsaleigubóta.
- Sett verði á fót ný fjármögnunarleið fyrir ungt fólk sem byggi á frjálsum sparnaði og opinberu framlagi sem geti jafnt nýst til innborgunar við kaup á íbúð eða til kaupa á búseturétti.
- Staða samvinnufélaga á sviði húsnæðismála verði styrkt.
- Áhersla verði lögð á fjölgun lífshlaupsíbúða þar sem hönnun tekur mið af mismunandi þörfum fólks á mismunandi aldurstigi og meðal annars tryggt að unnt sé að athafna sig í hjólastól. Markmiðinu verði náð með efnahagslegum hvata.

### **Fyrstu skref**

Gerðar verði breytingar á reglugerð um greiðsluerfiðleikaúrræði Íbúðalánasjóðs þar sem heimilað verði að ákveðið fast hlutfall heildartekna fjölskyldna og einstaklinga sem eru í greiðsluerfiðleikum renni til greiðslu íbúðalána, þó þannig að jafnræðis sé gætt. Þetta úrræði nái jafnframt til annarra lánastofnana.

Undirbúið verði frumvarp um breytingar á lögum um húsnæðismál sem tryggi stöðu Íbúðalánasjóðs til frambúðar og heimild verði veitt til stofnunar dótturfélaga sjóðsins í hlutafélagaformi og samstarfs við aðrar fjármálastofnanir.

Lagt verði fram frumvarp til laga um frjálstan sparnað ungs fólks og mótframlags ríkisins vegna kaupa á húsnæði, búseturétti eða framlags í byggingarsamvinnufélag. Settur verði á fót hópur sem fer yfir gildandi lög um húsnæðissamvinnufélög og gildandi lög um byggingarsamvinnufélög og vinni frumvarp að breytingum á núverandi lögum ef ástæða er talin til.

## Ályktun um heilbrigðisstofnanir

### **Markmið**

Á Íslandi eiga allir að hafa aðgang að fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði á sem hagkvæmasta hátt.

### **Leiðir**

- Tryggja skal jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.
- Styrkja ber enn frekar uppbyggingu núverandi hátækni sjúkrahúsa samhliða því að tryggja grunnsjúkrahúsþjónustu á landsbyggðinni
- Efla skal heilsugæsluna enn frekar sem grundvöll heilbrigðisþjónustu í landinu.
- Auka þarf faglegt eftirlit með þjónustu og hagkvæmni heilbrigðisþjónustu.
- Innkaupsverði á lyfjum verði náð niður með markvissum aðgerðum.
- Tryggt verði að sjúkraflutningaþjónusta tryggi öruggan aðgang allra landsmanna að bestu mögulegri heilbrigðisþjónustu.

### **Fyrstu skref**

Komið verði upp rafrænni sjúkraskrá og rafrænu gæðakerfi í heilbrigðiskerfinu sem eykur gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og leiðir til hagræðingar. Leitað verði leiða til að gera sjúklingum kleif að hafa aðgang að eigin sjúkraskrá. Fylgt verði eftir áætlunum um uppbyggingu Landsspítala–háskólasjúkrahúss, sérstaklega bráðadeildarinnar.

## Ályktun um lýðheilsu

### **Markmið**

Leggja skal áherslu á að auka meðvitund og ábyrgð almennings á eigin heilsu og að bregðast við þeim hættum sem fylgja nútíma lífnaðarháttum. Efla skal fræðslu og hvatningu til heilbrigðra lífshátta. Þá ber að efla og auka forvarnir vegna notkunar tóbaks, áfengis og annarra vímuefna. Sporna verður við afleiðingum þunglyndis, offitu, hreyfingarleysis, streitu og kvíða.

### **Leiðir**

- Auka fræðslu meðal almennings um mataræði, hreyfingu og bættu lífshætti.
- Hollt mataræði er einn af undirstöðubáttum góðrar heilsu. Til þess þarf að auka fræðslu og sjá til þess að hollt og fjölbreytt fæði sé í boði í skólum, á vinnustöðum, heilbrigðisstofnunum, dvalar- og hjúkrunarheimilum.
- Auka eftirlit með skólamötuneytum og að matur þar sé í samræmi við manneldismarkmið.
- Rannsóknir hafa sýnt að dagleg og regluleg hreyfing skiptir miklu máli fyrir andlega og líkamlega heilsu. Mikilvægt er að ríki og sveitafélög vinni skipulega að auknum og fjölbreyttum möguleikum fólks til aukinnar og reglulegrar hreyfingar. Þá er mikilvægt að fólki standi einnig til boða hreyfiseðill, sem er tilvísun um aukna hreyfingu, til viðbótar annarri meðferð vegna sjúkdóma.
- Aðgengi almennings að sálfræðingum verði bætt og möguleiki gefinn á ávísun sálfræðimeðferðar á sama hátt og annarra meðferða.

- Mikilvægt er að nýbakaðir foreldrar séu fræddir um viðurkenndar uppeldisaðferðir í gegnum ung- og smábarnavernd.
- Leggja skal áherslu á að fræða börn og unglunga um mikilvægi heilsusamlegra lífshátta í gegnum heilsugæslu og skóla. Vinna skal að aðgerðaráætlun með því markmiði að efla heilsu barna og unglunga.
- Skipulegri gjaldfrjálsri tannvernd barna og unglunga verði komið á. Tannlækningar barna og unglunga verði þeim að kostnaðarlausu og miðað verði við gildandi viðmiðun hins opinbera.
- Efla skal forvarnir vegna tóbaks, áfengis og annarra vímuefna með aukinni fræðslu til barna, unglunga, foreldra og annarra sem koma að starfi með börnum og unglungum.
- Áfram verði unnið að áfengis- og vímuefnum. Efla skal göngudeildarúrræði í meðferð vegna áfengisfíknar eins og gert hefur verið í nágrannalöndum með góðum árangri. Þá þarf að skoða meðferðarúrræði vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu á heildstæðan hátt með sérstakri áherslu á ungmenni.

### ***Fyrstu skref***

Endurskoða lög um Lýðheilsustöð með það að leiðarljósi að styrkja hana enn frekar. Að Lýðheilsustöð vinni aðgerðaráætlun að fræðslu um holla lífshætti.

## **Ályktun um siðareglur Framsóknarflokksins**

### ***Markmið***

Að Framsóknarflokkurinn verði í fararbroddi í siðbót íslenskra stjórn mála.

### ***Leiðir***

- Að Framsóknarflokkurinn setji siðareglur fyrir þá sem starfa í umboði flokksins.

### ***Fyrstu skref***

Framkvæmdastjórn flokksins skipi nefnd sem vinni drög að siðareglum Framsóknarflokksins. Þeirri vinnu skal vera lokið fyrir næstu kosningar. Í nefndinni skulu eiga sæti 1 fulltrúi fyrir hvert kjördæmasamband, þó tveir fyrir Reykjavík, og einn fulltrúi frá hvoru sérsambandi flokksins. Framkvæmdastjórn skipar sjálf formann nefndarinnar.

## **Ályktun um opinberar stöðuveitingar**

### ***Markmið***

Tryggt verði að stjórnsýslulögum sé framfylgt við opinberar stöðuveitingar.

### ***Leiðir***

- Kjörnir fulltrúar gæti almannahagsmuna er þeir fara með opinbert veitingarvald, enda þiggja þeir umboð sitt frá kjósendum.
- Ef opinber eftirlitsaðili, svo sem umboðsmaður Alþingis, finnur að embættisveitingu, skal sú aðfinnsla tekin alvarlega og öxluð pólitísk ábyrgð með afsökunarbeiðni eða jafnvel afsögn, eftir því sem við á.

## **Fyrstu skref**

Framsóknarflokkurinn beiti sér fyrir víðtækri pólitískri samstöðu á Alþingi um betri vinnuhætti í opinberum stöðuveitingum.

## **Ályktun um stjórn mála- og efnahagsástandið**

Íslenska þjóðin stendur frammi fyrir miklum erfiðleikum í efnahagsmálum. Fall krónunnar, hrun bankanna og gríðarleg skuldsetning vegur að undirstöðum þjóðarbúsins. Staða atvinnulífsins og þorra heimila í landinu er ógnvænleg.

Stjórn málin hafa brugðist. Traust er af skorum skammti.

Við þessar aðstæður er brýnt að brugðist verði við með ábyrgum, en jafnframt afgerandi hætti. Þörf er á metnaðarfullri aðgerðaáætlun þar sem tekið er á bráðavanda heimilanna og atvinnulífsins, jafnframt því sem slík aðgerðaáætlun verður að varða leið til lengri tíma.

Núverandi ríkisstjórn hefur enn sem komið er brugðist í þeim efnum. Hún er ráðalaus og ósamstíga. Alþingi er vanmáttugt. Ægivald framkvæmdavaldsins yfir löggjafanum hefur opinberast sem aldrei fyrr. Breytinga er þörf.

Því hefur Framsóknarflokkurinn ályktað að samhliða næstu alþingiskosningum verði stjórnarskrá Íslands breytt þannig að kosið verði til stjórnlagabings í kjölfar þeirra.

Á undanförunum árum virtist hér ríkja mikið umbreytinga- og framfaraskeið þar sem kraftar óbeislaðs athafnafrelsis nutu sín til hins ýtrasta. Á þeim tíma brást Framsóknarflokkurinn í því hlutverki að tryggja að laga- og reglugerðumhverfi, ásamt uppbyggingu nauðsynlegs aðhalds og eftirlits, m.a. með sterkum og faglegum eftirlitsstofnunum, samræmdu vexti viðskiptalífsins. Frelsi fylgir ábyrgð, en ábyrgðinni var ábótavant. Úr því verður að bæta.

Ábyrgð núverandi ríkisstjórnar á því ástandi sem hér ríkir í dag er afgerandi. Allt frá upphafi daufheyrðist hún við þeim viðvörnum sem bárust. Eftir því sem hættan jókst, varð afneitun vandans meiri. Öll rök hníga að því að á fyrstu dögum bankahrunsins hafi ákvarðanir og aðgerðir ríkisstjórnarinnar einkennst af röðum mistaka. Mistök sem eru að reynast þjóðinni dýrkeyptari en nokkur gat séð fyrir. Að sama skapi brást Seðlabanki Íslands í sínum aðgerðum og ráðgjöf um viðbrögð við þeirri lausafjárræðu á alþjóðamörkuðum sem hófst sumarið 2007, og þá sérstaklega síðastliðið haust þegar endurfjármögnunarvandi íslensku bankanna varð ljós. Seðlabanki Íslands verður að njóta óumdeilanlegs trausts og því verður að breyta lagaramma, formgerð og stýringu bankans, sérstaklega peninga- og vaxtastefnu hans.

Þrátt fyrir hið erfiða ástand standa margar grunnundirstöður þjóðfélagsins enn. Staða þeirra er tvísýn verði ekkert að gert. Öflug mennta-, heilbrigðis, samgöngu- og samskiptakerfi, auk kröftugra sveitarfélaga og hvati til atvinnusköpunar eru lykillinn að endurreisn hagsældar í landinu. Veik staða krónunnar, ásamt gríðarlega háum vöxtum, er að sliga heimilin og atvinnulífið. Almennt efnahagsumhverfi verður því að komast aftur í eðlilegt horf, m.a. með því að aðgengi að lánsfé á raunhæfum vöxtum verði tryggt og almennur stöðugleiki ríki í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja. Þannig tryggjum við best framtíðarvelferð þjóðarinnar.

Þær ákvarðanir sem Framsóknarflokkurinn stóð hvað fastast að baki í ríkisstjórn, en var á sínum tíma gagnrýndur hvað mest fyrir, reynast Íslendingum nú farsælar í því ástandi sem ríkir, s.s. nýting auðlinda með uppbyggingu orkufreks iðnaðar, auk öflugrar varðstöðu um íbúðalánasjóð og innlenda matvælaframleiðslu.

Lykillinn að lausn þeirra vandamála sem þjóðin stendur frammi fyrir felst þó í dugnaði hennar og þrautseigju, hugmyndaauðgi, krafti og æðruleysi. Þessir eiginleikar verða það sem fyrst og fremst kemur okkur í gegnum vandann og á braut til nýrrar og betri framtíðar. Stjórn málin verða að búa svo um hnúta að þessir mannkostir fái að njóta sín.

Þær aðstæður sem nú ríkja eru ekki einungis óvenjulegar, heldur hljóta að teljast nánast hamfarakenndar. Mörg hefðbundin sjónarmið í hagstjórn og viðskiptum, sem áður þóttu sjálfsögð og viðtekin, virðast úrelt og vanmáttug til að takast á við þann vanda sem við blasir í dag. Allar lausnir munu krefjast fórna en jafnframt mikils kjarks. Óvenjulegar aðstæður kalla á óvenjulegar aðgerðir í bland við þær hefðbundnari. Framsóknarflokkurinn telur að á næstu dögum og vikum þurfi með markvissum hætti að vinna aðgerðaáætlun í víðtæku samstarfi og samráði stjórnvalda, þ.m.t. Alþingis, fulltrúum atvinnulífsins, launþegasamtaka og lífeyrissjóða. Eftirfarandi er innlegg flokksþings til slíkrar aðgerðaáætlunar.

### ***Almennt***

- Í samvinnu við lífeyrissjóði landsins verði settur á fót sérstakur tímabundinn Endurreisnarsjóður. Sjóður þessi fái heimild til lántöku, með ríkisábyrgð, hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Fjármagni þessu verði beint til skynsamlegra og atvinnuskapandi verkefna, og m.a. verði sjóðnum heimilt að endurlána til sveitarfélaga vegna viðhalds- og uppbyggingarverkefna.
- Lög um Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið þarf að endurskoða án tafar með það að markmiði að endurreisa traust til þeirra og þeirra hlutverka sem stofnanirnar þjóna. Það er nauðsynlegt til þess að efla trúverðugleika á umgjörð íslensks efnahagslífs, innanlands sem erlendis.

- Peningastefnu Seðlabankans verður að endurskoða. Ef ekki fer að bera á árangri af aðgerðaáætlun Seðlabankans, stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins innan mjög skamms tíma verður að líta til annarra kosta, jafnvel óhefðbundinna lausna svo sem upptöku nýs gjaldmiðils.
- Skattalegar aðgerðir stjórnvalda verða að vera skýrar og mega ekki verða til þess að magna verðbólguvandann.
- Brýnt er að á næstu vikum verði losað um gjaldeyrishöft meðal annars með samningum við erlenda handhafa jöklabréfa og annarra skuldabréfa.
- Með víðtækari lagaheimildum verði komið í veg fyrir dulin eignatengsl hjá fyrirtækjum skráðum á hlutabréfamarkaði. Hvað fjármálafyrirtæki varðar gildi reglurnar hvort heldur þau eru skráð eða óskráð. Sett verði lög um krosseignatengsl.
- Grunni núverandi neysluverðsvísitölu verði breytt til samræmis við það sem gerist í okkar helstu viðskiptalöndum og þannig að hún endurspegli betur breyttar neysluvenjur almennings.
- Til lengri tíma er nauðsynlegt fyrir alla hagstjórn að hlutfall verðtryggðra skuldbindinga minnki og leikur framtíðarfyrirkomulag gjaldmiðilsmála þar lykilhlutverk.
- Að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið í samræmi við samþykkt 30. flokksþings Framsóknarflokksins.
- Gera þarf samstarfsþjóðum okkar í Evrópu ljóst að í samningum vegna innlánskuldbindinga íslensku bankanna, Icesave og Kaupthing Edge, verði ekki gengið að kröfum sem eru umfram þær samningsbundnu lágmarkstryggingar sem Íslendingar höfðu undirgengist og þjóðin getur með góðu móti staðið undir.

### **Heimilin**

- Fátt fer verr með heimilin en atvinnuleysi. Öllum ráðum skal því beita til að það fjármagn sem annars færi í atvinnuleysisbætur verði notað til atvinnusköpunar og arðbærrar uppbyggingar.
- Kortleggja þarf stöðu illa staddra heimila í landinu og grípa til viðeigandi aðgerða s.s. greiðsluáðlögunar. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra að sem flestir geti búið áfram í sínu húsnæði meðan tekist er á við verstu erfiðleikana.
- Stimpilgjöld lána vegna fasteignaviðskipta verði afnumin að fullu án tafar.
- Íbúðarlánasjóður, sem sannað hefur gildi sitt síðustu mánuðina, verði áfram hornsteinn í fjármögnun húsnæðiskerfisins á Íslandi og áframhaldandi fjármögnun hans tryggð.
- Á samdráttartímum verður að tryggja sérstaklega hag þeirra öryrkja og aldraðra sem lægstur tekjur hafa.

- Huga ber að hlutverki trúfélaga, íþrótta- og æskulýðsfélaga og annarra frjálsra félagssamtaka við að takast á við félagslegar afleiðinga kreppunnar. Sérstaklega hvað varðar börn og ungmenni.
- Afnumin verði tekjutenging námslána þeirra námsmanna sem koma af atvinnuleysiskrá og eru í láns hæfu námi hjá LÍN.

### **Atvinnulífið**

- Öflugur útflutningur á vörum og þjónustu er lykillinn að endurreisn íslenska hagkerfisins. Því verður að skapa útflutningsfyrirtækjum – stórum sem smáum – starfsskilyrði sem standast samanburð við það besta sem gerist annarstaðar, m.a. í skattamálum.
- Setja þarf skýr markmið um að á næstu 3 árum geti helstu útflutningsatvinnugreinar Íslendinga vaxið að meðaltali um 15-20% á ári. Íslensk stjórnvöld verða í samráði við forsvarsmenn atvinnulífsins að setja fram áætlun um bráðaaðgerðir til að slíkur verðmætadrifin útflutningsvöxtur náist.
- Mikilvægt er að strax verði ráðist í aðgerðir til styðja við fjármögnun útflutnings frá Íslandi.
- Hagstæð starfsskilyrði útflutningsatvinnuveganna, s.s. í gengismálum, eru um leið vörn fyrir innlenda framleiðslu. Mikilvægt er að stjórnvöld geri sérstakt átak í að efla vitund neytenda um mikilvægi íslenskrar framleiðslu. Leitað verði allra leiða til að fjölga störfum við hvers konar framleiðslu og þjónustu fyrir innlandan markað.
- Settar verði skýrar reglur um aðferðafræði við björgun yfirskuldsettra fyrirtækja sem eru við það að komast í þrot.
- Til að styðja við rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækja hér á landi verði fyrirtækjum heimilað að færa skattalega sem kostnað á móti tekjum allt að tvöfalda þá upphæð sem þau verja til slíkra mála.
- Nú þegar verður að koma bankakerfinu í starfshæft horf meðal annars með aðkomu kröfuhafa, auknu gegnsæi og hagræðingu í rekstri, t.a.m. með sameiningum. Aukið aðgengi að lánsfé er grundvallaratriði í endurreisn atvinnulífsins.
- Kostir samvinnufélagsformsins verði nýtt sem tækifæri nú þegar flestar leiðir fyrir nýtt fjármagn eru takmarkaðar. Horft verði sérstaklega til samvinnufélagaformsins sem verkfæris við þá fjölbreytilegu nýsköpun og uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi sem verður að standa undir auknum útflutningi og nýrri framleiðslu fyrir innanlandsmarkað á næstu árum. Lög um samvinnufélög verði endurskoðuð og nútímavædd þannig að þau svari þessu kalli tímans.

Öflugt atvinnulíf er undirstaða heimilanna. Án víðtækra og bráðra aðgerða munu fjölmargar fjölskyldur eiga um sárt að binda, sem annars hefði verið hægt að hjálpa, og gríðarleg verðmæti

glatast í íslensku atvinnulífi, langt umfram það sem þyrfti að vera. Það mun gera alla endurreisn mun erfiðari og dýrari. Það er allra hagur að brugðist verði við með öflugum hætti sem allra fyrst.

## **Framtíðarsýn**

Framsóknarflokkurinn telur að ný heimsmynd muni byggja á gildum mannúðar og samvinnu í stað hinnar óheftu frjálshyggju sem hefur mótað viðskiptalíf heimsins. Hann telur að verkfæri og aðferðir viðskiptalífsins verði framvegis tæki til að vinna í þágu þessara gilda en ekki markmið í sjálfu sér eins og verið hefur síðustu áratugi. Reynslan sýnir að hvorki lausnir hinnar óheftu frjálshyggju eða hins harða sósíalisma hafa reynst vel. Þeim hefur farnast best sem hafa fetað hinn gullna meðalveg þar sem einstaklingarnir og félagsamtök þeirra fá að njóta sín. Á þessum gildum hefur stefna Framsóknarflokksins byggst alla tíð og eiga þau nú sem fyrr fullt erindi til þjóðarinnar.

Tilvera og grundvöllur hvernar þjóðar byggir á skynsamlegri nýtingu þeirra auðlinda sem hún býr yfir. Framsóknarflokkurinn telur að mannauður þjóðarinnar geti enn skapað mikla möguleika í sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar á sviði orkuvinnslu, framsækings sjávarútvegs og landnýtingar, bæði til framleiðslu og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að tryggja óskert yfirráð þjóðarinnar yfir orkuauðlindum og auðlindum sjávar.

Þrátt fyrir þær efnahagslegu hörmungar sem nú ganga yfir hafnar Framsóknarflokkurinn leiðum hafta og hindrana til varanlegrar framtíðar. Slík viðbrögð skulu vera takmörkuð, tímabundin og skilyrt. Greið alþjóðaviðskipti eru eftir sem áður lykillinn að aukinni hagsæld um allan heim. Fátt er mikilvægara Íslandi við núverandi aðstæður en greiður aðgangur að erlendum mörkuðum og fjárfestingar erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Framsóknarflokkurinn ítrekar þó mikilvægi þess að til staðar sé öflug innlend matvælaframleiðsla til að tryggja fæðuöryggi.